
BRAGÐAVELLIR Í HAMARSFIRÐI

EFTIRLEITIR Í DJÚPABOTNI



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Viðaukar eftir Kristjönu Vilhjálm dóttur og Magnús Á. Sigurgeirsson

Reykjavík 2023

FS918-22151

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Mynd 1. Forsíðumyndin er tekin úr lofti til suðausturs yfir uppblásið svæði í Djúpabotni á Bragðavöllum þar sem víkingaaldargripir fundust á síðustu öld. Um miðja myndina má sjá rofabarð þar sem talið var mögulegt að óblásnar minjar væri enn að finna.

©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar



Rannsóknarnúmer

202206-0024

Þjóðminjasafnsnúmer

2022-41

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Uppblásnar víkingaaldarminjar í Djúpabotni SM-244:011. Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2017. *Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði*. FS658-1706.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur)

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort enn væru óblásnar minjar til staðar þar sem mannvirki og víkingaaldargripir fundust snemma á 20. öld í Djúpabotni í landi Bragðavalla í Hamarsfirði sem varpað gætu skýrara ljósi á hlutverk, aldur og örlög minjanna. Nokkur fjöldi gripa hefur borist Þjóðminjasafni Íslands úr uppblásnum rústum á staðnum, þar á meðal rómversk mynt af sláttu sem er sjaldséð á norðurslóðum.

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla)

Bragðavellir, Múlaþing, Suður-Múlasýsla

GPS hnit

ISN93: A 714603 N 467626

Rannsóknartími

26. - 28. júlí 2022

Leyfishafi

Kristborg Þórsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Tveir fornleifafraeðingar

Samantekt

Sumarið 2022 voru gerðar eftirleitir að fornum mannvistarleifum í Djúpabotni í landi Bragðavalla í Múlapingi. Þar blésu víkingaaldarminjar upp í byrjun 20. aldar og gripir sem fundust í rústunum eru varðveittir á Þjóðminjasafn Íslands. Tveir gripanna hafa lengi vakið athygli og umræðu en það eru rómverskir peningar frá 3. öld e. Kr., svokallaðir *antoninianar*.

Tilgangur rannsóknarinnar í Djúpabotni var að kanna hvort að einhver mannvistarlög væru enn óröskuð á minjastaðnum sem varpað gætu ljósi á eðli minjanna og sögu staðarins. Var sjónum einkum beint að óblásinni jarðvegstorfu fast sunnan við minjasvæðið. Þar voru tekin borkjarnasýni og snið hreinsað í rofsári, auk þess sem gengið var skipulega um svæðið í leit að gripum eða öðrum vísbendingum um mannvist. Engar mannvistarleifar komu í ljós við rannsóknina en út frá landsháttum og vísbendingum sem hægt er að fá úr brotakenndu gripasafninu er líkum leitt að því að í Djúpabotni hafi verið fornt sel frá Melrakkanesi. Sé litið til þess samhengis sem hinir dularfullu rómversku peningar fundust í, kemur helst til greina að þeir hafi borist til landsins með fyrstu kynslóðum landnema á Íslandi og verið notaðir sem skart og/eða stöðutákn.

Efnisorð: Bragðavellir, Djúpibotn, antoninianar, víkingaöld, uppblástur, efnismenning, sel

Summary

In the beginning of the 20th century, the farmer of Bragðavellir in the East Fjords of Iceland started finding Viking Age artefacts and building remains at an eroding site in a place called Djúpidalur, close to his farm. Amongst the finds were two Roman coins, *antoninians*, from the 3rd century AD. These were the very first Roman coins to be found in Iceland and became the subject of speculation of how and when they had made their way to the island.

In the summer of 2022, an expedition was made to the eroded site in Djúpidalur with the aim of finding out if there were any cultural remains still there that could shed light on the nature of the site and the reasons for its abandonment. The focus was put on an area adjacent to the find location which had not suffered from erosion. In addition, a part of an erosion face was cleaned and planned, and coring and field walking was also done at the site. No archaeological features or cultural layers were detected. Based on the fragmented collection of finds, settlement history and analysis of the landscape it is suggested that the Viking Age remains at Djúpidalur in Bragðavellir were most likely connected to a now completely eroded shieling dating back to the first decades or centuries after the settlement of Iceland in the late 9th century. The Roman coins were likely brought to the island with the first generations of settlers and used as jewelry and/or as status symbols.

Keywords: Bragðavellir, Djúpibotn, East Iceland, antoninians, Viking Age, erosion, material culture, shieling

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga svæðisins	9
3. Rannsóknarsaga minja í Djúpabotni á Bragðavöllum	13
4. Vettvangsrannsókn 2022	14
5. Landshættir og umhverfi	21
6. Vitnisburður gripa	22
7. Samantekt og helstu niðurstöður	25
8. Heimildaskrá	29
9. Myndaskrá	30

Viðauki I: Gripir - Kristjana Vilhjálmsdóttir


Viðauki II: Gjóskulagarannsókn - Magnús Á. Sigurgeirsson

Viðauki III: Ljósmyndaskrá

Viðauki IV: Sýnaskrá

1. Inngangur

Í Djúpabotni í landi Bragðavalla í Hamarsfirði afhjúpaði uppblástur búsetuminjar frá víkingaöld í byrjun 20. aldar og bárust Þjóðminjasafni Íslands þá nokkrir gripir sem fundist höfðu í rofasárinu. Það er í sjálfu sér ekki óalgengt að slíkar minjar finnist á Íslandi og eru mörg dæmi um það að fornir gripir komi í ljós í rústum sem blása upp eða þar sem landbrot er. Það sem gerir fundarstaðinn á Bragðavöllum einstakan er að þar fundust tveir rómverskir peningar af sláttu sem er afar sjaldséð á norðurslóðum, svokallaðir antoninianar. Eru þeir frá síðari hluta 3. aldar e. Kr. og hefur þessi sérstaki fundur getið af sér nokkrar vangaveltur um það hvernig peningarnir komust til Íslands og ekki síður hvenær.



Mynd 2. Yfirlitskort þar sem rannsóknarstaðurinn í Djúpabotni er auðkenndur með hvítum punkti á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og rauðum punkti á innfelldu Íslandskorti LMÍ. Á kortinu eru einnig sýnd nokkur af þeim örnefnum sem koma við sögu í skýrslunni.

Vorið 2017 vann Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu fornleifa á Bragðavöllum í tengslum við uppbyggingu vegna ferðapjónustu.¹ Allstórt svæði út frá gamla heimatúninu var þaulgengið og minjar innan þess skráðar. Farið var út að Djúpabotni og inn að Snædalsárfossi. Í Djúpabotni fundust engar minjar á yfirborði og ljóst að þar hafa orðið mjög miklar breytingar á umhverfi og landkostum frá fyrstu öldum byggðar þegar fólk hafði þar búsetu í lengri eða skemmri tíma. Fast sunnan við uppblásturssvæðið, þar sem gripir byrjuðu að koma í ljós fyrir

¹ Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2017.



Mynd 3. Horft til suðausturs yfir Djúpabotni, í átt að Melrakkanesi. Selá rennur austast í Djúpabotni, meðfram Bragðavallahólum og rannsóknarsvæðið er rofabarð til hægri á miðri mynd.

rúmlega 100 árum, er óblásin jarðvegstorfa og stendur allstórt grjót sums staðar út úr rofinu. Vakti það grunsemdir um að í torfunni væru enn óblásnar mannvistarleifar frá víkingaöld. Þegar skráningin fór fram voru miklar rigningar og vatnavextir og mikið vatn í minnstu lækjarsprænum. Mögulegar minjar í Djúpabotni voru skilgreindar í stórhættu vegna vindrofs en einnig í hættu vegna vatnsrofs því að í miklum vatnavöxtum rennur vatn eftir farvegi meðfram staðnum sem er nánast þurr alla jafna.

Árið 2022 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til þess að fara í eftirleitir að Djúpabotni á Bragðavöllum og skera úr um það hvort að einhverjar minjar væru enn eftir óblásnar á svæðinu. Markmiðið með rannsókninni var að fá meiri og fyllri upplýsingar um staðinn sem gætu varpað ljósi á hlutverk þeirra minja sem þarna hafa blásið upp og ástæður þess að sjaldséðir rómverskir peningar fundust þar.


Vettvangsvinnan var unnin seint í júlí 2022 og var rannsóknin gerð af fornleifafræðingunum Stefáni Ólafssyni og Kristborgu Þórsdóttur og ritaði sú síðarnefnda einnig skýrslu þessa. Umfjöllun um gripasafnið frá Bragðavöllum var í höndum Kristjönu Vilhjálmsdóttur og um greiningu gjóskusýna sem tekin voru á vettvangi sá Magnús Á.

Sigurgeirsson, jarðfræðingur. Myndefni í skýrslunni er frá Fornleifastofnun Íslands nema annað sé tekið fram. Vill skýrsluhöfundur koma á framfæri þakklæti til landeigenda á Bragðavöllum fyrir veitt rannsóknarleyfi og góðar móttökur.

Skýrslan er þannig upp byggð að á eftir inngangi eru kaflar um sögu svæðisins og rannsóknarsögu minjastaðarins í Djúpabotni. Í kjölfarið er fjallað um sjálfa vettvangsrannsóknina. Á eftir þeim kafla er umræða um landshætti og umhverfið sem staðurinn er í og vitnisburð gripanna sem fundist hafa þar í gegnum tíðina. Að lokum er efni skýrslunnar dregið saman og greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

2. Saga svæðisins

Bragðavellir eru suðvestanvert í Hamarsfirði á Austfjörðum. Jörðin var áður í Geithellnahreppi og síðar Djúpavogshreppi sem er nú hluti af Múlaþingi eftir sameiningu sveitarfélaga árið 2020. Hamarsfjörður hét áður Álftafjörður nyrðri og Hamarsdalur inn af honum hét Sviðinhornadalur, ef marka má frásögn Landnámu. Þar segir að Björn sviðinhorni hafi numið Álftafjörð nyrðri



Mynd 4. Kort sem sýnir möguleg mörk landnáma Brand-Önundar og Björns sviðinhorna. Ekki er vitað hversu langt inn til landsins landnámin hafa náð og er hér stuðst gróflega við núverandi mörk milli byggðar og hálendis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

frá Rauðuskriðum og Sviðinhornadal.² Í Brennu-Njáls sögu er Sviðinhornadals einnig getið með því nafni.³ Næsta landnám til suðurs náði frá Melrakkanesi sem er á milli Hamarsfjarðar og Álftafjarðar, yfir allan Geithellnadal og Múladal að Múla. Lýsing þess er svohljóðandi í Landnámu: „Brand-Onundr nam land fyrir norðan Múla, Kambsdal ok Melrakkanes ok inn til Hamarsár, ok er mart manna frá honum komit.“⁴ Kambsdalur er það svæði sem nú heitir Múladalur (sunnan ár) og Geithellnadalur (norðan ár). Landnáma er heimild sem verður að taka með fyrirvara en hún er elsta ritheimildin um upphaflega skiptingu landsins og því ekki við aðrar heimildir að styðjast frá elstu tíð.

Bragðavellir voru hjáleiga frá Melrakkanesi en ekki er til mikið af rituðum heimildum um jörðina. Samkvæmt manntali frá 1703 var föst búseta það ár í Bragðavallaseli sem hefur síðar fengið nafnið Bragðavellir og varð seinna sérstakt lögbýli. Elsta þekkt heimild sem getur um bæinn Bragðavelli með því nafni er manntal frá 1816.⁵ Bragðavellir og Melrakkanes eiga saman óskipt land innst í Hamarsdal, sunnan ár. Hluti þess lands sem heyrði undir Melrakkanes



Mynd 5. Miðmundagil á miðri mynd er djúpt og afgerandi gil í landi Bragðavalla. Hér er líkum leitt að því að gilið hafi verið á mörkum tveggja landnáma í öndverðu.

(fram að því að landi Bragðavalla var skipt út úr jörðinni) virðist því hafa verið í landnámi Björns sviðinhorna eins og það er skilgreint í Landnámu en mörkin milli landnámana hafa að líkindum verið um Miðmundagil. Víkingaaldarminjar í Djúpabotni hafa því að öllum líkindum


² *Íslensk fornrit I*, bls. 309.

³ *Íslensk fornrit XII*, bls. 353.

⁴ *Íslensk fornrit I*, 310.

⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns: www.manntal.is.

verið á mörkum tveggja landnáma og tilheyrir Melrakknesi sem ætla má að hafi byggst snemma úr landnámi Brand-Önundar. Fyrsta byggða ból á þessum slóðum hefur þó líklega



Mynd 6. Kort sem sýnir gróflga merki Hamars og Melrakkness eins og þau voru í seinni tíð og áður en Bragðavellir og Hamarssel urðu sjálfstæðar jarðir sem skipt var út úr heimajörðunum. Einnig eru sýnd önnur forn lögbýli í næsta nágrenni og staðsetning helstu selja innan þeirra. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

verið Geithellar en sú jörð var metin á 50 hundruð um aldamótin 1700⁶ og með dýrari jörðum í landsfjórðungnum. Þar var einnig hálfkirkja⁷ en bænhús voru að líkindum í Melrakknesi⁸ og í Múla,⁹ sitt hvoru megin við Geithella en heimildir um kirkjur á fyrri öldum er ákveðin vísbending um forna byggð. Ekki hefur verið unnin samfelld aðalskráning fornminja í gamla Geithellnahreppi og því er ekki búið að gera ítarlega greiningu á þróun byggðar á svæðinu sem byggir á gögnum úr slíkri skráningu.

Djúpibotn í landi Bragðavalla er dalverpi á milli Miðmundagils og Bragðavallahóla. Lítið undirlendi er á svæðinu sem er í halla til NNA. Selá rennur meðfram Bragðavallahólum og sameinast farvegi Miðmundagils neðan og norðan við minjarnar í Djúpabotni. Farvegur árinna hefur sýnilega tekið miklum breytingum í tímans rás. Víða má sjá gróna eldri farvegi árinna og talsvert er um framburð sem hefur gróið að nokkru leyti. Mun umfangsmeiri og lítt grónar eyrar

6 Björn Lárússon, bls. 329.

7 *Diplomatarium islandicum II*, bls. 768.

8 Örnefnið *Bænhúsbarð* bendir á staðsetningu bænhúss í Melrakknesi og í örnefnalýsingu jarðarinnar er fullyrft að þar hafi staðið bænhús. Örnefnalýsing Melrakkness, bls. 1-2, 3.

9 Ekki virðast ritaðar heimildir um bænhús í Múla en Ingimar Sveinsson hefur það eftir kunnugum að menn hafi vitað hvar bænhús hafi staðið á jörðinni (2003, bls. 146).

eru í Miðmundagili en þekkt er að skriða féll úr gilinu eftir miklar rigningar haustið 1906 sem olli töluverðum skemmdum á túni Bragðavalla.¹⁰ Gróður í Djúpabotni einkennist af mosa og lyngi en einnig hefur grenitryám verið plantað á svæðinu. Í miðjum Djúpabotni er svo allstórt uppblásturssvæði þar sem gripir frá víkingaöld komu í ljós snemma á 20. öld.



Mynd 7. Minjasvæðið í Djúpabotni í miklum vatnavöxtum vorið 2017 þegar unnin var deiliskráning á Bragðavöllum í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu. Sjá má að talsvert vatn rennur í farvegi næst minjunum (á miðri mynd) sem alla jafna er að mestu þurr. Fjær sést Selá renna meðfram Bragðavallahólum.

Umhverfi og landslag í Hamarsfirði hefur tekið talsverðum breytingum í tímans rás. Má þar nefna breytingar á farvegi Hamarsár¹¹ sem hefur brotið land á einum stað og hlaðið undir sig annars staðar á leið sinni til sjávar. Hamarsfjörður hefur grynnt mikið af framburði árinna en einnig vegna jarðefna sem berast með sjávarstraumum frá Breiðamerkursandi samfara hægu landrasi.¹² Ætla má að jarðvegsskriður hafi fallið víða á svæðinu og hefur einnar slíkrar þegar verið getið. Síðast féllu gríðarmiklar skriður í landi Hamarssels haustið 2017 sem fóru yfir tún og drápu fjölda fjár.¹³ Að lokum má svo benda á að gróður á svæðinu hefur að líkindum tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Birkikjarr hefur verið útbreitt í dölunum inn af suðurfjörðunum á fyrri öldum og má víða enn sjá leifar þess en mikil jarðvegseyðing hefur orðið í Hamarsdal/Bragðavalladal og víðar á svæðunum í kring.

¹⁰ Ólafur Jónsson 1957, bls. 461.

¹¹ Í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 2002 (Hjörleifur Guttormsson, bls. 71, 75, 82) er greint frá kotbýlum í Hamarsdal/Bragðavalladal sem fóru í eyði vegna vatnagangs í Hamarsár og eru öll ummerki um eitt þeirra horfin vegna landbrots.

¹² Hjörleifur Guttormsson 2002, bls. 100.

¹³ Sjá Austurfrett 28. september 2017: <https://www.austurfrett.is/frettir/risaskrida-fell-i-hamarsfirði-myndir>

3. Rannsóknarsaga minja í Djúpabotni á Bragðavöllum

Kristján Eldjárn hefur rakið rannsóknarsögu minjastaðarins í Djúpabotni að nokkru í grein sinni *Rómverjar á Íslandi* sem birtist árið 1948 í bókinni *Gengið á reka*. Þar var áherslan lögð á rómversku peningana og vöngum velt yfir því hvernig og hvenær þeir bárust til Íslands. Jón Sigfússon, bóndi á Bragðavöllum fann fyrstu gripina í Djúpabotni árið 1905.¹⁴ Þá fundust rómverskur peningur og sörvistala, en fleiri gripir komu í ljós á svæðinu það sama ár. Í umfjöllun Kristjáns er þess getið að Páll Jónsson, bókarari á Djúpavogi, hafi farið á vettvang í Djúpabotni. Líklega hefur það líka verið strax árið 1905 en þá sendi hann brotið og ryðgað hnífsblað og klébergsbrot til safnsins. Páli virtist sem að á svæðinu væru óljósar leifar tveggja húsa sem stutt var á milli. Sást þá veggjagrjót í reglulegum röðum og örþunnt viðarkolalag á gólfi og mögulega gólfhellur.¹⁵ Það vekur athygli að í fundaskrá Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að sörvistalan (Þjms. 11298/1932-4) sem Jón Sigfússon fann árið 1905 ásamt öðrum rómverska peningnum, hafi fundist á 10-20 cm dýpi.¹⁶ Því hafa ekki allir gripirnir fundist á yfirborði eins og ætla mætti við fyrstu sýn. Engar heimildir eru varðveittar um uppgröft eða leit bóndans á Bragðavöllum og er því ekki vitað hversu umfangsmikil eða nákvæm hún hefur verið.



Mynd 8. Þegar farið var á vettvang sumarið 2022 var gerð tilraun til þess að endurgera ljósmynd frá rannsókn Matthíasar Þórðarsonar árið 1934 í Djúpabotni á Bragðavöllum. Á myndinni til vinstri má sjá Matthías að störfum (Kristján Eldjárn 2016, bls. 28) og á myndinni til hægri setur Stefán Ólafsson sig í spor fyrrverandi þjóðminjavarðar.

Árið 1933 fann Jón annan rómverskan pening á sama stað og áður og sendi hann til Þjóðminjasafnsins auk fleiri gripa. Í kjölfar þeirrar sendingar réðst Matthías Þórðarson þjóðminjavörður í ferð austur í ágúst 1934 til þess að kanna aðstæður og gera athuganir á staðnum.¹⁷ Matthías var tvo daga á vettvangi og skrifaði um rannsókn sína stutta dagbókarfærslu. Fyrri daginn rannsakaði hann uppblásturssvæðið þar sem gripir höfðu fundist. Þar var ekkert eftir af mannvistarleifum, annað en hleðslugrjót sem var mjög úr lagi gengið, auk stöku gripa

14 Í skrá yfir gripi frá Bragðavöllum úr Sarpi frá Þjóðminjasafni Íslands er sagt að peningurinn hafi fundist árið 1904 en í færslu fyrir sörvistölu 11298/1932-4 kemur fram að bæði peningurinn og talan hafi fundist 1905. Það er sama ártal og Kristján Eldjárn notar í grein sinni.

15 Kristján Eldjárn 1948, bls. 11.

16 Skrá yfir gripi frá Bragðavöllum úr Sarpi frá Þjóðminjasafni Íslands.

17 Kristján Eldjárn 1948, bls. 9-12.

og viðarkola. Ekkert virðist því hafa verið eftir af þeim mannvistarleifum sem Páll Jónsson taldi sig sjá á vettvangi þremur áratugum fyrr. Seinni daginn gerði Matthías athuganir á óblásinni jarðvegstorfu sunnan við uppblásturssvæðið. Í rofsári taldi hann vera óhreyfða mold og í prufuholu sem grafin var ofan í torfunu kom hann niður í malarblandna mold sem hann taldi óhreyfða.¹⁸ Mun það hafa verið jarðvegsskriða sem kom í ljós í rannsókninni 2022 og greint er frá í 4. kafla. Eftir rannsókn Matthíasar hafa fjórir gripir fundist á staðnum til viðbótar, þrír þeirra bárust Þjóðminjasafninu árið 1953 og einn árið 1985.¹⁹

Engar upplýsingar virðast hafa verið skráðar um nákvæmar fundaraðstæður þeirra gripa sem fundust í Djúpabotni og eru á Þjóðminjasafni. Það er því ekki ljóst hvort að gripirnir hafi verið í húsarústum eða öskuhaugi, þar sem þeirra er almennt helst að vænta. Í viðauka I er greinargerð um gripina úr Djúpabotni og einnig tafla með nánari upplýsingum um þá.

4. Vettvangsrannsókn 2022


Á uppblásturssvæðinu í Djúpabotni er ekki margt sem gefur til kynna að þar hafi verið fornar byggingar. Þó má þar sjá brotnar þakhellur og grjót sem mögulega hefur verið í veggjahleðslum á svæði sem er 30x18 m stórt. Suðaustast er allstór, nokkuð sannfærandi grjótdreif sem er um 18x10 m stór og snýr NNA-SSV. Norðvestan við hana er mjög brotakennd dreif á svæði sem er 18x7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Er líklegt að þessi tvö svæði samsvari vitnisburði Páls Jónssonar bókhaldara, sem fór á staðinn árið 1905 og sagt er frá í 3. kafla, en hann taldi sig greina ummerki um tvær byggingar á svæðinu. Ekki sáust neinar eiginlegar grjóthleðslur og er allt grjót mjög úr lagi gengið þannig að ekkert skýrt lag er á þeim. Þessi svæði voru mæld upp og gengið var yfir þau ítrekað í leit að gripum sem kynnu að leynast á yfirborði, en án árangurs. Ekki sáust heldur nein merki um kolaleifar á yfirborði.

Fast ofan og sunnan við uppblásturssvæðið og grjótdreifina er óblásna jarðvegstorfan sem rannsóknin beindist að. Torfan er um 37 m löng (austur-vestur) og 16 m breið. Rofabarð er í henni norðanverðri þar sem hún er hæst en hún lækkar til suðurs og vesturs. Áður en rannsóknir hófust var rannsóknarsvæðið og umhverfi þess myndað af jörðu niðri og með flygildi úr lofti. Úr loftmyndunum var svo unnið yfirborðslíkan af staðnum (sjá mynd 11).

Að myndatöku lokinni var hafist handa við að taka borkjarnasýni þvert yfir jarðvegstorfunu, nærri norðurbrún. Kom þá fljótlega í ljós að jarðvegsskriða sem fallið hefur á síðari öldum liggur yfir stærstum hluta torfunnar sem ekki var hægt að bora í gegnum. Teknir voru tveir borkjarnar vestan við mörk skriðunnar og að auki var tekinn einn borkjarni á uppblásna svæðinu norðan við jarðvegstorfunu. Jarðlög í borkjarnasýnum voru skráð og þeim lýst auk þess sem ljósmyndir voru teknar af kjörnunum (tafla 1). Engin ummerki um mannvist sáust í borkjörnunum.

¹⁸ Matthías Þórðarson 1934.

¹⁹ Skrá yfir gripum frá Bragðavöllum úr Sarpi frá Þjóðminjasafni Íslands.



Mynd 9. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið, staðsetningu grjót dreifa, borkjarna og sniðsins sem var hreinsað.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Tafla 1. Borðkjarnar í Djúpbotni á Bragðavöllum

Rannsóknar- staður	Mynd númer	Númer kjarna	Heildardýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags (cm)	Lýsing á jarðlagi	Túlkun/ athugasemd	Nafn	Dagsetning
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0163	1	34	0-4	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0163	1	34	4-34	Dökk-millibrún fokmold	Stoppað á skriðu	KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0164	2	18	0-3	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0164	2	18	3-18	Fokmold	Stoppað á skriðu	KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0179	3	81	0-8	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0180	3	81	8-16,5	Dökkbrúnt áfokslag		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0181	3	81	16,5-17,5	Möguleg gjóska		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0182	3	81	17,5-26	Millidökkbrúnt áfok		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0183	3	81	26-30,5	Hreyfður jarðvegur, dökkbrúnn og ljósbrúnn		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0184	3	81	30,5-62	Ljós-rauðbrúnn jarðvegur, skýjaður		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0178-0185	3	81	62-81	Ljós-rauðbrúnn jarðvegur, einsleitur		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0180	4	28	0-8	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0180	4	28	8-28	Dökkbrúnt áfokslag	Stoppað á skriðu	KP/SÓ	26.7.2022
Djúpibotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	0-9	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022

Rannsóknar- staður	Mynd númer	Númer kjarna	Heildardýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags (cm)	Lýsing á jarðlagi	Túlkun/ athugasemd	Nafn	Dagsetning
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	9-15	Dökkbrún mold með fínni mól		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	15-18,5	Dökkbrúnt afokslag		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	18,5-21	Jarðvegur blandaður gjósku		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	21-25	Dökkbrúnt afokslag		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	25-26	Möguleg gjóska - dökkgrá		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	26-56,5	Ljós-rauðbrúnn jarðvegur, einsleitur		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	56,5-59,5	Sand- eða gjóskublandaður jarðvegur, mögulega örþunn gjóska á 58,4 cm dýpt		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	59,5-63,5	Lagskiptur jarðvegur grágrænn/ ljósleitur/grágrænn, lífíll svartur flekkur á 60 cm dýpt		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0181-0182	5	80	63,5-80	Einsleitur rauðbrúnn og lífílllega sendinn jarðvegur		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0183	6	38	0-16	Sendinn malarblandaður jarðvegur		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0183	6	38	16-38	Rauðbrúnn, þéttur jarðvegur með finum sandlinsum		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0184	7	44	0-8	Grasrót		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0184	7	44	8-41	Einsleit brún fokmold		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0184	7	44	41-43	Fin mól		KP/SÓ	26.7.2022
Djúpiþotn, Bragðavöllum	DSC 0184	7	44	43-44	Vottur af gulri gjósku	Stoppað á skriðu	KP/SÓ	26.7.2022

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir því að hreinsa stóran hluta af rofsniðinu en eftir lélegar heimtur í borkjörnum var ákveðið að byrja á því að skoða aðeins lítinn hluta rofsniðsins betur og meta í framhaldinu hvort þörf væri á því að stækka það. Þriggja metra langt snið var því hreinsað beint upp af (sunnan við) stærri grjótdreifina á uppblásna svæðinu.

Skráning mannvistarlaga í sniðinu fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.²⁰ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði



Mynd 10. Teikning af sniði sem hreinsað var í rofi við fundarstað víkingaaldargripa og rómverskra peninga í Djúpabotni á síðustu öld.

sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining var skráð og teiknuð í sniðinu og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á.

Sniðið sem var hreinsað var um 1,3 m á hæð og 3 m á breidd. Í því sáust engin mannvistarlæg. Undir grasrót [001] var áfokslag [002] og þar undir var um 30 cm þykk jarðvegsskriða [003] með fremur fingerðri möl og stöku grjóti. Er það grjót úr þessari skriðu sem sást á vettvangi við deiliskráningu árið 2017 og hafði áður verið talið möguleg ummerki um mannvist. Ekki voru skýr gjóskulög ofan á skriðunni eða beint undir henni. Þunnt áfokslag [004] var undir skriðunni í öllu sniðinu. Í vesturenda sniðsins var þunnt svart lag á stuttum kafla sem talið var geta verið gjóska en greining á sýni úr því sýndi að svo var ekki. Undir því var þunnt gjóskulag [005] á stuttum kafla en óvíst er úr hvaða gosi það er. Undir áfokslögum [004] og [006] var lag [007] sem var blandað gjósku úr Veiðivötnum frá 1477 en gjóskan sást best í vesturenda sniðsins. Jarðvegsskriðan hefur því fallið eftir 1500 en ekki er gott að áætla nákvæman aldur hennar. Hún gæti verið frá því seint á 16. öld eða frá fyrri hluta 17. aldar.


²⁰ Lucas, Gavin 2003.

Gjóska úr Örafajökli 1362 [008] sást á stuttum kafla vestast í sniði en það er mjög afgerandi ljóst og auðþekkjanlegt. Undir þeirri gjósku voru svo tvö allþykk áfokslög [009] og [010] og í þeim sáust stöku kolaleifar, mjög smáar, og enn færri örsmá brot af brenndum beinum. Efra lagið [009] var með hreyfðri gjósku úr Örafajökli en hún sást óslitin í báðum endum eða hornum sniðsins. Einsleitari jarðlög [011-013] voru neðst í sniðinu og varð engrar mannvistar vart í þeim. Í ljósi þess að engin eiginleg mannvistarlög sáust í sniðinu sem var hreinsað eða í borkjörnum (3 og 5) sem teknir voru vestan við mörk skriðu, þótti ekki ástæða til þess að lengja sniðið til vesturs.

Eininga-númer	Tegund	Lýsing
1	Lag	Lyngi vaxin grasrót. Alldökk og einsleit.
2	Lag	Alldökk áfoksmold, fínkornótt og þétt í sér, með rótum.
3	Lag	Skriða með fingerðri möl og sandi en einnig grjóthnullungum, allt að 20 sm á lengd og 10 sm á þykkt. Neðst, vestast sést meint þunn svört gjóska (sýni #7).
4	Lag	Þunnt áfokslag, dökkbrúnt, aðeins gráleitt, fínkornótt
5	Lag	Vottur af þunnri svartri gjósku.
6	Lag	Millibrúnt áfokslag.
7	Lag	Gjóska Veidivötn 1477. Mjög misþykk og -greinileg. Hefur safnast saman í stærri flekki sumsstaðar en hverfur nánast annarsstaðar. Má segja að hægt sé að fylgja henni alla leið í sniðinu. Fínkornótt, svört gjóska eða dökkgrá þar sem hún er ógreinilegri. Virðist talsverð hreyfing á henni.
8	Lag	Gjóska Örafajökull 1362. Gráhvít, fremur fingerð. Sést í sniði í vesturenda.
9	Lag	Hreyft lag með flekkjum af Ö-1362 gjósku. Í því eru kolaagnir. Frekar ljóst og rauðbrúnt. Austast er líkt og torfa af jarðvegi með mýrarrauða sem minnir á torf en er náttúrulegt.
10	Lag	Dökkt, grábrúnt lag, mjög hreyft af náttúrulegum orsökum. Í því eru sandlinsur, kolaagnir og mjög lítið af brenndum beinum. Í vesturhluta eru fjólubláar linsur, mögulega lífrænt efni eða lífrænar leifar.
11	Lag	Ójafnt yfirborð, mögulega vegna frostverkunar. Efst í því er dökk gjóska (meint) sem greining leiddi í ljós að er gjóskuríkt áfok. Er millibrúnt með brúngulum flekkjum.
12	Lag	Frekar einsleitt, rauðleitur uppsafnaður jarðvegur.
13	Lag	Blandað jarðlag. Efst er mögulega gjóska, grágul á lit. Þar á eftir koma grábrúnir og rauðgulir litir í jarðveginum. Þessi skipting er skýrust í vesturenda en blandast meira til austurs og verður ógreinilegri. Fínkornóttur jarðvegur, þéttur og engin möl.

Tafla 2. Jarðlög í sniði sem hreinsað var í rofabarði sunnan við minjasvæðið í Djúpabotni á Bragðavöllum.

Þykk og blönduð áfokslög undir gjósku úr Örafajökli frá 1362 gefa til kynna óstöðugleika í jarðveginum á þessum stað og að uppblástur hafi hafist snemma. Kolaagnirnar eru vitnisburður



Mynd 11. Yfirborðslikan af minjasvæðinu í Djúpabotni og næsta nágrenni. Myndvinnsla Garðar Guðmundsson.

um að mannvist hafi verið í grennd við sniðið í rofsárinu en engin eiginleg mannvistarlög sáust í því. Landnámslagið sást ekki í sniðinu en það finnst í Hamarsfirði og er 0,5 cm þykkt þar.²¹

Engir gripir fundust við hreinsun sniðsins eða við kjarnaborun á vettvangi. Svæðið var einnig þaulgengið í leit að gripum á yfirborði, en án árangurs. Lítið sem ekkert virðist því eftir af mannvist í Djúpabotni. Við rannsóknir voru sýni tekin úr gjóskulögum/meintum gjóskulögum auk eins sýnis úr lífrænum leifum neðarlega og austarlega í sniði sem ekki hefur verið greint. Gjóskusýnin voru send til greiningar hjá Magnúsi Á. Sigurgeirssyni og eru niðurstöður hans í viðhengi II.

²¹ Magnús Á. Sigurgeirsson 2022, bls. 1.

5. Landshættir og umhverfi

Staðsetning minjanna í Djúpabotni og gripaflóra sýna að þar hafa verið híbýli manna á víkingaöld en það er erfitt að segja nokkuð með vissu um það hvers konar búseta hefur verið þar og verður líklega aldrei hægt að skera endanlega úr um það. Þrátt fyrir að upplýsingar okkar um staðinn séu mjög brotakenndar er mikilvægt að reyna að leggja út af þeim eins og hægt og hér verður fjallað um vísbendingar út frá landsháttum og umhverfi sem benda til þess að búseta í Djúpabotni hafi fremur verið árstíðabundin heldur en að þar hafi verið eiginlegt bæjarstæði þar sem búið var árið um kring.



Mynd 12. Horft inn Hamarsdal/Bragðavalladal. Í forgrunni eru eyrar Miðmundagils og á miðri mynd er bæjarstæði Bragðavalla þar sem var áður selstaða frá Melrakknesi og síðar hjáleiga.

Auk gripanna sem fundist hafa á staðnum og fjallað er nánar um í 6. kafla getur fundarstaður gripanna og landshættir á því svæði gefið mikilvægar upplýsingar um eðli minjanna. Landgæði í Djúpabotni hafa sjálfsagt aldrei verið það mikil að líklegt sé að staðurinn hafi verið valinn snemma sem bæjarstæði. Undirlendi er þar lítið og má ætla að áin í Miðmundagili og Selá hafi ætíð borið með sér mikið af jarðefnum og getað flætt yfir stór svæði í vatnavöxtum. Þá má einnig benda á að engar vísbendingar eru þekktar um fleiri en tvö mannvirki í Djúpabotni.

Eins og rakið var í 2. kafla virðast mörk tveggja landnáma hafa verið um Miðmundagil, fast norðvestan við Djúpabotn og hafa þá minjarnar þar verið við útmörk Landnáms Brand-Önundar og að líkindum tilheyrir Melrakknesi. Út frá elstu heimildum og landsháttum mætti því leggja til að þarna hafi verið sel eða útstöð frá Melrakknesi. Á svipuðum slóðum hafa raunar lengi

verið sel frá Melrakknesi þó að þau hafi ekki verið á nákvæmlega sama stað. Bragðavallasel var litlu neðar í landinu og norðar. Ekki er vitað hversu lengi þar var sel en föst ábúð er þar skömmu eftir aldamótin 1700 og líklega allar götur síðan (með hléum) þar til Bragðavellir verða sérstakt lögbýli. Þegar hætt er að hafa í seli á Bragðavöllum frá Melrakknesi virðist selstaðan færast nær bænum til austurs en þekkt sel er í landi Melrakkness 2,3 km suðaustan við Bragðavelli og 1,8 km ASA við Djúpabotn. Hvorki hafa verið gerðar vettvangsathuganir né fornleifarannsóknir á þeim stað en tóftir sjást þar greinilega á loftmyndum. Örnefnið *Selgil* er suðaustan við síðastnefnda selið í landi Melrakkness en *Selá* rennur fast austan við minjar í Djúpabotni. Ekki er ljóst hvort hún dragi nafn sitt af Bragðavallaseli eða hvort nafnið sé enn eldra og taki nafn af fornu seli í Djúpabotni.

6. Vitnisburður gripa

Í ljósi þess að engin mannvistarlög fundust í jarðvegstorfunni í Djúpabotni sem varpað geta ljósi á eðli staðarins verður vægi þeirra gripa sem þar hafa fundist enn meira en ella. Þeir eru okkar eina leið til þess að vita nokkuð um aldur minjanna og geta gefið okkur vísbendingar um



Mynd 13. Rómverskir peningar frá Djúpabotni á Bragðavöllum. Til vinstri er peningur (Þjms. 1932) sem fannst árið 1905 og til hægri er peningur (Þjms. 1933) sem fannst árið 1933. Ljósmyndir tók Ívar Brynjólfsson, birtar með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

það hvers konar staður þetta var. Því miður hafa nánast engar upplýsingar um fundarsamhengi gripanna skilað sér í fundaskrár Þjóðminjasafnsins og því er ekkert vitað um það hvort þeir fundust í byggingum, öskuhaugum eða í öðru samhengi.

Þegar Kristján Eldjárn gaf út bók sína *Gengið á reka* árið 1948 og seinna *Kuml og haugfé* 1956 voru einu rómversku peningarnir sem fundist höfðu á Íslandi frá sunnanverðum Austfjörðum. Tveir þeirra eru peningarnir frá Djúpabotni en einn fannst hjá Krossanesfjalli, á söndum milli Hvalsness og Krossaness.²² Á milli þessara fundarstaða eru um 24 km í beinni

²² Kristján Eldjárn 1948, bls. 13-14.

loftlínu. Síðar hafa þrjú rómverskir peningar bæst við. Árið 1966 fannst rómverskur peningur við uppgröft á fornum minjum í Hvítárholti í Hrunamannahreppi og 1991 fannst slíkur peningur í hleðslu milli steina í Skansinum í Vestmannaeyjum. Tveimur árum síðar fannst svo enn rómverskur peningur við uppgröft á 18.-19. aldar minjum á Arnarhóli í Reykjavík en stjórnandi rannsóknarinnar útilokaði ekki að myntinni hefði verið komið fyrir á uppgriftarsvæðinu eftir að rannsókn hófst.²³

Antoninianar eru rómverskir peningar sem draga nafn sitt af keisaranum M. Aureilius Antoninus Caracalla sem ríkti á árunum 211-217 e. Kr. Upphaflega voru þeir úr silfri en smám saman minnkaði silfurmagnið í þeim og flestir antoninianar eru koparpeningar með silfurblæ.²⁴ Rómversku peningarnir sem hafa fundist á Íslandi hafa því ekki haft mikið sjálfstætt verðgildi eins og peningar úr silfri eða gulli og eru þess vegna fátíðir á norðurslóðum, þangað sem skattlönd Rómverja náðu aldrei. Þeir fáu koparpeningar sem þó hafa fundist þar gætu hins vegar hafa verið notaðir sem skrautmunir. Algengt var að göt væru gerð á peninga á víkingaöld til þess að hægt væri að setja þá á festi og nota sem skart.²⁵ Á víkingaöld hafa peningar því haft talsvert gildi óháð magni góðmálma sem í þeim var og þeir því verið eftirsóttir sem slíkir – hvort sem þeir voru frá tíð Rómverja eða síðari tímum. Það á líka við um yngri peninga sem höfðu lítið sjálfstætt verðgildi, líkt og tveir gataðir peningar úr koparblöndu sem fundust í uppgrefti á Pálstóftum, víkingaaldarseli innst í Brúardal. Sú mynt var slegin fyrir Harald harðráða sem ríkti í Noregi frá 1047-1066.²⁶ Myntin sem fannst í Pálstóftum tengdist að líkindum skartgripagerð en þar voru fleiri gripir sem styðja að slík iðja hafi verið stunduð í selinu, m.a. brot út deiglu.²⁷

Kristján Eldjárn taldi líklegast að Rómverjar sem villst hefðu á leið frá Bretlandseyjum hefðu borið peningana, sem fundust í Djúpabotni og hjá Krossanesfjalli, til landsins.²⁸ Sú skoðun Kristjáns hefur ekki hlotið hljómgrunn hjá fræðimönnum sem á eftir honum komu og þeir sem hafa fjallað um peningana í seinni tíð telja líklegra að þeir hafi komið til landsins með landnámsmönnum á víkingaöld sem skraut eða minjagripir.²⁹ Það er vissulega áhugavert að antoninianar hafi ekki fundist víða utan hins forna rómverska ríkis og peningarnir eru allrar athygli verðir en þar sem þeir eru koparpeningar sem hafa ekki sjálfstætt verðgildi eins og peningar úr silfri eða gulli, ætti líklega að



Mynd 14. Klébergsbrot úr grýtu Þjms. 11515/1933-85. Brotið er mjög sótugt að utanverðu (sést ekki á ljósmynd).

23 Kristján Eldjárn 2016, 35-37.

24 Kristján Eldjárn 1948, bls. 14.

25 Kristján Eldjárn 2016, bls. 385.

26 Lucas, Gavin 2011, bls. 195.

27 Lucas, Gavin 2011, bls. 196.

28 Kristján Eldjárn 1948, bls. 10-24.

29 T.d. Þór Magnússon 1972, bls. 63-64 og Alonso-Núñez 1986, bls. 122.

líta á þá sem annað skart eða stöðutákn líkt og perlur sem einnig hafa fundist í Djúpabotni. Erfitt er að skýra það af hverju ekki aðeins einn, heldur tveir rómverskir peningar fundust í víkingaaldarminjum í Djúpabotni en mögulega eru þeir vísbending um skartgripagerð, líkt og peningarnir í Pálstóftum, þó að ekki hafi verið göt á þeim. Ekki eru aðrir gripir frá staðnum sem styðja það.

Hingað til hafa rómversku peningarnir sem fundust í Djúpabotni fengið mesta athygli en aðrir gripir sem fundist hafa á svæðinu segja líka sína sögu. Kristjana Vilhjálmisdóttir fór í gegnum gripasafnið á Þjóðminjasafni að undanskildum peningunum sem eru á grunnsýningu safnsins. Greinargerð hennar fylgir í viðhengi I og hér á eftir er lagt út af athugunum hennar um gripina. Heildarfjöldi gripa og beina frá Djúpabotni sem varðveittir eru á Þjóðminjasafni eru um 67 talsins.

Flestir gripirnir bera skýr einkenni víkingaaldar og virðast innfluttir. Getur það gefið til kynna að safnið sé frá elstu tíð, mögulega fyrstu áratugum eftir landnám. Gripasafnið er þó svo brotakernt og lítið vitað um fundarsamhengið að ekki er hægt að segja mikið um nákvæman aldur þess með vissu.

Gripirnir tengjast einkum almennu heimilishaldi og má þar helst nefna hníf og nokkur grýtubrot. Einnig eru nokkrir gripir þeirra á meðal sem tengjast handverki og hér verður fjallað nánar um. Meðal gripa sem tengjast handverki eru snældusnúður (Þjms. 15321/1953-53) sem notaður var við þráðarspuna og stór steinsnúður (Þjms. 11518/1933-88) sem hefur að líkindum tilheyrt bor fyrir trésmíði eða smíði í önnur mjúk efni. Í fundarskrá Þjóðminjasafnsins var steinsnúðurinn upphaflega flokkaður með snældusnúðum en er mjög ólíkur þeim að lögun og miklu stærri. Í gripasafninu eru einnig tveir slípaðir basaltsteinar sem mögulega hafa verið notaðir til að slétta saum á tilbúnu klæði. Steinarnir og snældusnúðurinn tengjast textílgerð en engir kljástearnar hafa fundist í Djúpabotni. Kljástearnar eru gjarnan einu vísbendingarnar sem finnast um vefstaði í fornleifarannsóknunum.

Almennt telst hvers kyns tóvinna og vefnaður til vetrarstarfa sem unnin voru inni við



Mynd 15. Steinsnúður Þjms. 11518/1933-88. Í fundarskrá var hann upphaflega flokkaður með snældusnúðum en líklegra er að hann hafi tilheyrt bor fyrir trésmíði eða önnur mjúk efni.



Mynd 16. Brotinn snældusnúður Þjms. 15321/1953-53.

á köldustu og dimmstu mánuðum ársins. Spuni bands hefur hins vegar líklega verið á færi fleiri en þeirra sem sáu um vefnaðinn, enda kannski einn vefstaður á hverjum bæ en nokkur fjöldi halasnælda sem þráður var spunninn með. Mjög lítið fór fyrir halasnældunni sem hefur verið hægt að hafa með sér hvert sem farið var, m.a. í sel, og hægt að grípa í spunann meðfram fjölmörgum öðrum störfum sem þar voru unnin. Þó að það hafi verið vel mögulegt að flytja vefstaðinn með sér í sel yfir sumartímann hefði það verið talsvert umstang og ótalmörg önnur verk sem þurfti að vinna í selinu. Fjarvera kljásteyna í Djúpabotni gæti því gefið til kynna að þar hafi ekki verið vefstaður sem aftur má telja mögulega vísbendingu um að þar hafi ekki verið höfð veturseta. Hafa ber einnig í huga að kljásteynar voru taldir til verðmæta³⁰ og hafa örugglega í einhverjum tilvikum verið teknir með við flutninga.

Snældusnúðar eru mjög algengir gripir í fornleifarannsóknum á Íslandi og finnast oftast í bæjarrústum. Nýlegar rannsóknir benda til þess að tóvinna hafi ekki eingöngu farið fram á bæjum um vetrartímann, heldur einnig í seljum til forna. Snældusnúður fannst í könnunarskurði sem grafinn var í meint sel í landi Odda á Rangárvöllum árið 2021 ásamt járnöglum, grýtubrotum og dýrabeinum. Minjarnar voru aldursgreindar út frá gjóskulögum og hafa verið í notkun á tímabilinu 950-1050.³¹ Við uppgröft á minjum frá 10.-14. öld í Urriðakoti í Garðabæ fundust þrjár snældusnúðar en staðurinn hefur verið túlkaður sem líklegt sel. Einn þeirra er talinn frá 10.-11. öld en hinir eru yngri (frá 12.-13. öld).³² Víkingaaldarselið Pálstóftir innst í Brúardal var fullgrafið. Þar fundust mjög fáir gripir og engir sem tengjast tóvinnu.³³ Staðsetning Pálstófta er talsvert frábrugðin seljum í Odda og Urriðakoti (og minjum í Djúpabotni) og líklegt að störfin í seljunum hafi ráðist af fjarlægð frá bæjum og þeim auðlindum sem hægt var að nýta í næsta nágrenni.

7. Samantekt og helstu niðurstöður

Engin greinileg mannvistarlæg komu í ljós við rannsókn á óblásinni jarðvegstorfu í Djúpabotni á Bragðavöllum sem gerð var sumarið 2022. Minjasvæðið er uppblásið en við fornleifaskráningu þar árið 2017 vaknaði grunur um að enn væru ef til vill mannvistarleifar til staðar í óblásinni jarðvegstorfu sunnan við uppblásturssvæðið. Hluti af rofsniði í torfunni var hreinsað og teiknað og notast var við kjarnabor til að kanna jarðlög þvert yfir torfuna. Allþykk jarðvegsskriða liggur yfir stærstum hluta torfunnar og komst borinn ekki í gegnum hana. Þar sem hægt var að fara dýpra með borinn við vesturmörk skriðunnar varð ekki vart við mannvistarlæg og ekki heldur í sniðinu sem hreinsað var. Neðan við gjósku úr Örfafjöklum frá 1362 mátti þó sjá örla á smáum kolaleifum í þykkum áfokslögum.

30 Anna Sigurðardóttir (1985, bls. 342) bendir á vísbendingar um verðmæti kljásteyna í Búalögum (1966, bls. 45). Þar er góður vefstaður talinn 15 álnir að verðgildi en besti vefstaður (með skeið og kljásteynum) 20 álnir.

31 Kristborg Þórsdóttir 2023, bls. 27-31.

32 Ragnheiður Traustadóttir 2015, 320-321.

33 Lucas, Gavin 2011.



Mynd 17. Sniðið sem hreinsað var fram í rofabarði sunnan við fundarstað vikingaaldarminja í Djúpabotni. Í því sáust engar eiginlegar mannvistarleifar.

Tvær grjótdreifar á uppblásturssvæðinu voru mældar upp og er líklegt að þær séu til vitnis um tvö mannvirki sem þarna hafa staðið á fyrstu áratugum eða öldum byggðar á Íslandi. Suðaustari grjótdreifin er talsvert stærri og innan hennar eru bæði brotnar þakhellur en einnig meint hleðslugrjót, allt úr lagi gengið. Líklegt er að flestir gripirnir hafi fundist á þeim hluta svæðisins en þó fer engum sögum af því hvar gripirnir fundust nákvæmlega og því ekki hægt að slá því föstu.

Hér að framan hefur líkum verið leitt að því að minjarnar í Djúpabotni hafi verið við forn landamerki Melrakkaness og sú staðsetning auk takmarkaðra landgæða gæti bent til þess að þar hafi frekar verið sel á fyrstu öldum byggðar í landinu heldur en sjálfstætt býli. Í ljósi þess að ekki fundust mannvirki eða afgerandi mannvistarlög á vettvangi þegar Matthías Þórðarson gerði rannsókn í Djúpabotni árið 1934 og engar mannvistarleifar þegar rannsókn var gerð þar sumarið 2022 er ljóst að mestu upplýsingarnar um þennan stað er að fá úr brotakenndu gripasafni sem varðveitt er af svæðinu á Þjóðminjasafni Íslands og samanstendur af um 67 gripum.

Gripasafnið frá Djúpabotni er of brotkennt og skortir fundarsamhengi til að það geti gefið skýrar vísbendingar um eðli staðarins. Þó má segja að þá staðreynd, að engin ummerki vefstaðar hafi fundist, megi mögulega túlka sem vísbendingu um að þar hafi ekki verið ofið vaðmál sem almennt var talið til vetrarstarfs. Snældusnúður og slípaðir steinar sem geta hafa verið notaðir til þess að slétta saum á líni fundust hins vegar í Djúpabotni sem bendir til tóvinnu og frágangs á textíl. Snældusnúðar sem nýlega hafa fundist við fornleifarannsóknir á seljum frá víkingaöld styðja að þar hafi farið fram tóvinna. Rómversku peningarnir sem fundust í Djúpabotni eru líklega skrautmunir sem bárust til Íslands á landnámstíð og mætti flokka með

öðru skarti en einir og sér geta þeir ekki talist vera vitnisburður um komu manna hingað löngu fyrir landnám norrænna manna.

Samanlagt má segja að þær vísbendingar sem landshættir, ummerki á svæðinu og gripaflóran frá Djúpabotni gefur, styðji hugmyndir um að þar hafi verið árstíðabundin búseta þótt ekki sé hægt að fullyrða um það með svo brotakenndum gögnum. Sú staðreynd að yngri sel frá Melrakknesi voru á svipuðum slóðum styrkir enn þá hugmynd. Staðurinn virðist yfirgefinn snemma og ekkert er vitað um ástæður þess. Hugsanlegt er að breytingar á umhverfi



Mynd 18. Horft yfir minjasvæðið í Djúpabotni að rannsókn lokinni. Sjá má grjótdreifnið undan rofabarðinu þar sem bæði eru hleðslusteinar úr mannvirkjum og smá brot úr þakhellum.

staðarins hafi þar haft áhrif en allt eins líklegt er að ástæðan hafi verið breytt landnýting eða breytt fyrirkomulag seljabúskapar. Mögulega hefur seljabúskapur lagst af í lengri eða skemmri tíma en verið endurvakinn í Bragðavallaseli þegar Melrakknes hafði eignast land innan við Miðmundagil, suðvestan við Hamarsána.

Fundur rómverskra peninga í uppblásnum minjum í Djúpabotni í landi Bragðavalla fyrir rúmri öld hefur allar götur síðan vakið forvitni og nokkra undrun enda um mjög sérstaka og fátíða gripi að ræða utan hins forna rómverska ríkis. Án frekari minja sem hægt er að tengja við komu Rómverja til Íslands á 3. öld verður að gera ráð fyrir því að peningarnir hafi borist til landsins í

fórum fólks sem hingað kom á 9. öld eða síðar og settist hér að. Aðrir gripir sem fundist hafa í Djúpabotni benda eindregið til víkingaaldar og hér að framan hefur líkum verið leitt að því að á svæðinu hafi verið sel en ekki heilsársbúseta. Reyndar er enn margt á huldu um elstu kynslóð selja á Íslandi en ýmislegt bendir til að þau hafi verið frábrugðin seljum seinni alda og ef til vill líkari býlum þar sem var heilsársbúseta.

Þó að rannsóknin sem fram fór í Djúpabotni á Bragðavöllum hafi ekki leitt í ljós fleiri gripir eða mannvistarleifar sem gætu varpað ljósi á eðli staðarins, hafa athuganir á byggðasögu og landsháttum, auk frekari greiningar á gripasafninu bætt nokkru við þekkingu okkar og skilning á honum.

8. Heimildir

- Alonso-Núñez, J.M. 1986. A Note on Roman Coins found in Iceland. *Oxford Journal of Archaeology* V, 121-122.
- Anna Sigurðardóttir. 1985. *Vinna kvenna í 1100 ár. Úr veröld kvenna II*. Kvennasögusafn, Reykjavík.
- Austurfrett, sótt 3. febrúar 2023: <https://www.austurfrett.is/frettir/risaskrida-fell-i-hamarsfirði-myndir>
- Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Gleerup, Lundur.
- Búalög. Verðlag á Íslandi á 12. – 19. öld*. 1966. Arnór Sigurjónsson sá um útgáfuna. Framleiðsluráð landbúnaðarins, Reykjavík.
- Diplomatarium islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn II*. 1893. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Ingimar Sveinsson. 2003. *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund*. Djúpavogshreppur, Djúpavogi.
- Íslensk fornrit I*. Íslendingabók og Landnáma. 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslensk fornrit XII*. Brennu-Njáls saga. 1954. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2017. *Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði*. FS658-17061. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2023. *Oddarannsóknin. Fornleifarannsóknir í Odda 2021*. FS877-20202. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Kristján Eldjárn. 1948. *Gengið á reka. Tólf fornleifaþættir*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri.
- Kristján Eldjárn 2016. *Kuml og haugfé*. 3. útgáfa. Adolf Friðriksson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2011. Pálstóftir. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2010*, 187-208.
- Ólafur Jónsson. 1957. *Skriðuföll og snjóflóð I*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri.
- Magnús Á. Sigurgeirsson. 2022. *Bragðavellir í Hamarsfirði - 2022*. Gjóskulagarannsókn. Greinargerð 09/2022.
- Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: www.manntal.is
- Matthías Þórðarson. *Dagbók frá 1934 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands*.
- Ragnheiður Traustadóttir. 2015. Spindle Whorls from Urriðakot. *Nordic Middle Ages – Artefacts, Landscapes and Society. Essays in Honour of Ingvild Øye on her 70th Birthday*. University of Bergen Archaeological Series 8, 317-329.
- Skrá yfir gripi frá Bragðavöllum úr Sarpi frá Þjóðminjasafni Íslands. Afhent rafrænt í júní 2022.
- Stefán Ólafsson (ritstj.). 2015. *Fornleifaskráning í landi Teigarhorns*. FS560-15021. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Örnefnalýsing Melrakkaness. 1938. Margeir Jónsson skráði eftir Guðmundi Dagssyni frá Melrakknesi. Örnefnasvið Stofunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

9. Myndaskrá

- Mynd 1.** Forsíðumyndin er tekin úr lofti til suðausturs yfir uppblásið svæði í Djúpabotni á Bragðavöllum þar sem víkingaaldargripir fundust á síðustu öld. Um miðja myndina má sjá rofabarð þar sem talið var mögulegt að óblásnar minjar væri enn að finna.
- Mynd 2.** Yfirlitskort þar sem rannsóknarstaðurinn í Djúpabotni er auðkenndur með hvítum punkti á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og rauðum punkti á innfelldu Íslandskorti LMÍ. Á kortinu eru einnig sýnd nokkur af þeim örnefnum sem koma við sögu í skýrslunni.
- Mynd 3.** Horft til suðausturs yfir Djúpabotn, í átt að Melrakknesi. Selá rennur austast í Djúpabotni, meðfram Bragðavallahólum og rannsóknarsvæðið er rofabarð til hægri á miðri mynd.
- Mynd 4.** Kort sem sýnir möguleg mörk landnáma Brand-Önundar og Björns sviðinhorna. Ekki er vitað hversu langt inn til landsins landnámin hafa náð og er hér stuðst gróflega við núverandi mörk milli byggðar og hálendis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.
- Mynd 5.** Miðmundagil á miðri mynd er djúpt og afgerandi gil í landi Bragðavalla. Hér er líkum leitt að því að gilið hafi verið á mörkum tveggja landnáma í öndverðu.
- Mynd 6.** Kort sem sýnir gróflega merki Hamars og Melrakkness eins og þau voru í seinni tíð og áður en Bragðavellir og Hamarssel urðu sjálfstæðar jarðir sem skipt var út úr heimajörðunum. Einnig eru sýnd önnur forn lögbýli í næsta nágrenni og staðsetning helstu selja innan þeirra. Loftmynd: Loftmyndir ehf.
- Mynd 7.** Minjasvæðið í Djúpabotni í miklum vatnavöxtum vorið 2017 þegar unnin var deiliskráning á Bragðavöllum í tengslum við uppbyggingu ferðapjónustu. Sjá má að talsvert vatn rennur í farvegi næst minjunum (á miðri mynd) sem alla jafna er að mestu þurr. Fjær sést Selá renna meðfram Bragðavallahólum.
- Mynd 8.** Þegar farið var á vettvang sumarið 2022 var gerð tilraun til þess að endurgera ljósmynd frá rannsókn Matthíasar Þórðarsonar árið 1934 í Djúpabotni á Bragðavöllum. Á myndinni til vinstri má sjá Matthías að störfum (Kristján Eldjárn 2016, bls. 28) og á myndinni til hægri setur Stefán Ólafsson sig í spor fyrrverandi Þjóðminjavarðar.
- Mynd 9.** Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið, staðsetningu grjótdreifa, borkjarna og sniðsins sem var hreinsað. Loftmynd: Loftmyndir ehf.
- Mynd 10.** Teikning af sniði sem hreinsað var í rofi við fundarstað víkingaaldargripa og rómverskra peninga í Djúpabotni á síðustu öld.
- Mynd 11.** Yfirborðslíkan af minjasvæðinu í Djúpabotni og næsta nágrenni. Myndvinnsla Garðar Guðmundsson.
- Mynd 12.** Horft inn Hamarsdal/Bragðavalladal. Í forgrunni eru eyrar Miðmundagils og á miðri mynd er bæjarstæði Bragðavalla þar sem var áður selstaða frá Melrakknesi og síðar hjáleiga.
- Mynd 13.** Rómverskir peningar frá Djúpabotni á Bragðavöllum. Til vinstri er peningur (Þjms.

- 1932) sem fannst árið 1905 og til hægri er peningur (Þjms. 1933) sem fannst árið 1933. Ljósmyndir tók Ívar Brynjólfsson, birtar með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 14.** Klébergsbrot úr grýtu Þjms. 11515/1933-85. Brotið er mjög sótugt að utanverðu (sést ekki á ljósmynd).
- Mynd 15.** Steinsnúður Þjms. 11518/ 1933-88. Í fundarskrá var hann upphaflega flokkaður með snældusnúðum en líklegra er að hann hafi tilheyrt bor fyrir trésmíði eða önnur mjúk efni.
- Mynd 16.** Brotinn snældusnúður Þjms. 15321/1953-53.
- Mynd 17.** Sniðið sem hreinsað var fram í rofabarði sunnan við fundarstað víkingaaldarminja í Djúpabotni. Í því sáust engar eiginlegar mannvistarleifar.
- Mynd 18.** Horft yfir minjasvæðið í Djúpabotni að rannsókn lokinni. Sjá má grjótdreif niður undan rofabarðinu þar sem bæði eru hleðslusteinar úr mannvirkjum og smá brot úr þakhellum.

Bragðavellir – gripir

Kristjana Vilhjálmisdóttir

Nokkur fjöldi gripa fannst á Bragðavöllum fram eftir 20. öld og eru alls um 67 gripir og bein þaðan varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands.

Myntir

Rómversku peningarnir tveir sem fundist hafa á Bragðavöllum eru báðir mjög máðir, en þó má óljóst greina myndir bæði á bak og framhlið. Annar þeirra (Mnt/1933) er frá tíð Aurelians keisara sem ríkti 270-275 e.Kr og var sleginn í borginni Cyzicus í Litlu-Asíu, nú Tyrklandi. Hinn peningurinn (Mnt/1932) er litlu yngri, frá tíð Probusar keisara sem ríkti 276-282 e. Kr. Sá peningur var sleginn í Róm.¹ Báðir peningarnir eru svokallaðir antonianusar, en þeir innihéldu almennt um 5% silfur.²

Járn

Á Þjóðminjasafni Íslands eru járngrípír frá Bragðavöllum skráðir á þrjú safnnúmer (5321/1905-148, 11521/1933-92 og 11577/1934-44) en einnig er einn ógreinanlegur járnútútur meðal gripa sem skráðir voru sem smásteinar árið 1933 (11522/1933-33). Járngrípírnir eru flestir illa varðveittir og er stór hluti þeirra ógreinanleg brot og mulningur. Þó eru átta gripir sem hægt er að greina til tegundar: hnífur, þrjár naglar og fjórar rær: Hnífurinn (5321/1905-148) er mjög illa farinn, í 15 brotum og er því erfitt að segja til um gerð hans. Naglarnir eru allir brotnir en haus er þó á tveimur þeirra (skráðir undir 11521/1933-92 og 11577/1934-44). Báðir hausarnir eru flatir, annar óreglulegur að lögun en hinn líklega ferhyrndur. Þriðji gripurinn er líklega leggur af nagla (skráður undir 11577/1934-44), brotinn til beggja enda. Rærnar eru allar ferhyrндar (skráðir undir 11521/1933-92 og 11577/1934-44). Tvær þeirra eru með leifum af nagla en hinar tvær með gati, önnur með ferhyrндu gati en hin með hringlaga gati.

Gler

Þrjár glerperlur hafa fundist á Bragðavöllum og voru þær allar greindar af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur sem hluti af mastersritgerð hennar. Tvær þeirra (15320/1953-53 og 1985-16) eru litlar dökkbláar blásnar perlur af gerð E060T, önnur tvöföld en hin einföld.³ Flestar perlur af tegund E060 á Íslandi hafa fundist á Norðausturlandi, stærstur hluti í Norður-Þingeyjarsýslu en Norður- og Suður-Múlasýsla koma þar á eftir.⁴ Tegund E060 er einnig önnur af tveimur tegundum perla sem hægt var að draga ályktanir um varðandi skiptingu milli kynja en 17% perla úr kvenkumlum voru af þeirri gerð en 10% perla úr karlkumlum.⁵ Perlur af gerð E060 voru ekki búnar til á Norðurlöndum en voru mögulega fluttar inn frá austanverðu Miðjarðarhafssvæðinu. Á Norðurlöndum hafa perlurnar vestræna dreifingu.⁶

¹ Kristján Eldjárn 2016, 25-26.

² MacMillan Conway, 17.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005b, 43.

⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005a, 96-97.

⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005a, 125.

⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005a, 174.

Þriðja glerperlan (11298/1932-4) sem fannst á Bragðavöllum er snúin og skreytt perla af gerð B315O, rauðbrún að lit og skreytt með upphleyptum hvítum og svörtum augum eða sólum.⁷ Perlur af þessari tegund voru algengastar á tímabilinu 860-950 en finnast allt frá 845. Perlan var mögulega búin til á Norðurlöndum en gæti annars verið ættuð úr Eystrasalti eða frá Staraja Ladoga í Rússlandi.⁸

Steinn

Flestir gripir sem fundist hafa á Bragðavöllum eru úr steini. Þar af eru 12 brot af grýtum úr klébergi eða öðrum tálguasteini. Slíka steina er ekki að finna í íslenskri náttúru og eru þeir almennt taldir norskur innflutningur. Klébergsgripir voru tiltölulega algengir á víkingaöld en finnast afar sjaldan eftir þann tíma.⁹ Amanda Kate Forster athugaði grýturnar frá Bragðavöllum í tengslum við doktorsritgerð sína. Þrjú af brotunum (11516/1933-85¹⁰, 11574/1934-38 og 15322/1953-54) eru úr kringlóttum eða sporöskjulaga ílátum með marghliða ytra yfirborð sem Forster taldi mögulega geta fallið í flokk 1d yfir vel gerðar bogmyndaðar skálar frá Noregi.¹¹ Grýtur frá víkingaöld í þessum flokki finnast einkum í suðurhluta Noregs.¹² Flest klébergslát sem fundist hafa á Íslandi eru einfaldar skálar af gerð 1a, en ílát af þeirri tegund finnast um allan Noreg.¹³ Eitt annað grýtubrot sem mögulega er af gerð 1d hefur fundist á Íslandi, á Fossum í Þjórsárdal.¹⁴

Einn snældusnúður (15321/1953-53) úr klébergi hefur fundist að Bragðavöllum og hefur hann líklega verið unninn úr brotinni grýtu. Snúðurinn er brotinn og eru um 2/5 hlutar hans varðveittir. Snældusnúðurinn hefur verið hálfkúlulaga með flatan botn. Hann telst af tegund A í gerðfræði snældusnúða frá Bryggen í Bergen¹⁵ og af tegund A1 samkvæmt flokkun á snældusnúðum frá Jórvík.¹⁶ Í Bergen voru 64% snældusnúða frá víkingaöld af þessari gerð, en 40% snúða frá 1150-1500.¹⁷ A-gerðir eru einnig þær algengustu í Jórvík á 9.-10. öld en þeim fer fækkandi á 11. öld.¹⁸ Af snældusnúðum frá landnámi fram til 1300 sem fundist hafa á Íslandi er þessi tegund einnig sú algengasta.¹⁹ Þar sem aðeins er um brot að ræða eru full mál óviss, en áætla má mesta þvermál snúðsins hafi verið rúmir 4 cm og þyngd hans á bilinu 35-40 g. Borið saman við aðra íslenska snældusnúða er snúðurinn í meðallagi að þyngd en litlu yfir meðallagi að þvermáli. Augnvídd og hæð snúðsins samræmist einnig vel því sem algengast var hér á landi.²⁰

⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005b, 30.

⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005a, 173.

⁹ Kristján Eldjárn 1951, 60

¹⁰ Forster nefnir gripinn í texta sem númer 11515, en brotið sem sýnt er á mynd sem fylgir umfjölluninni er gripur 11516/1933-85.

¹¹ Forster 2004, 258.

¹² Forster 2004, 221.

¹³ Forster 2004, 259.

¹⁴ Forster 2004, 258.

¹⁵ Øye 1988, 38.

¹⁶ Walton Rogers 1997, 1736, 1738 fig. 806.

¹⁷ Øye 1988, 52.

¹⁸ Walton Rogers 1997, 1736.

¹⁹ Ármann Dan Árnason 2015, 36.

²⁰ Ármann Dan Árnason 2015, 32-33.

Annar gripur (11518/1933-88) frá Bragðavöllum hefur einnig verið kallaður snældusnúður en sá snúður er mun stærri og þyngri. Hann er úr sandsteini, 8,3 cm í þvermál, 4,4 cm á hæð og 409 g að þyngd. Steinninn er nokkuð flatur á toppi og botni með rúnnaðar hliðar en lögun hans virðist frá náttúrunnar hendi. Steinninn er skreyttur með röðum af punktum við topp, botn og miðju. Snældusnúðar frá því fyrir 1300 sem fundist hafa hér á landi eru almennt undir 6 cm í þvermál og undir 65 g að þyngd²¹ Stórir jarðfundnir snúðar hafa stundum verið sagðir af hrosshárssnældu²² en líklegra er að hér sé um að ræða snúð eða svinghjól sem notað var til að ná kasti á rennibor. Slíkir gripir eru frekar fágætir og er ekki óalgengt að þeir séu ranglega skráðir sem snældusnúðar. Jan Petersen nefnir 20 slíka snúða í riti sínu um norska gripi frá víkingaöld. Þeir steinar eru flestir úr klébergi, um 5,1-11,5 cm í þvermál og 1,5-3,8 cm á þykkt.²³ Steinninn frá Bragðavöllum er því í stærri kantinum borið saman við norsku steinana en fellur mun betur í þann flokk en í flokk snældusnúða.

Á Bragðavöllum hafa einnig fundist tveir flatir og vel slípaðir steinar úr blágrýti, u.þ.b. sporöskjulaga að lögun (11520/1933-90 og 11520/1933-91). Mögulegt er að þessir steinar hafi verið notaðir til að slétta sauma á líni. Slík áhöld, úr steini eða gleri, þekkjast allt frá Merovinga-tímabilinu, og geta verið kringlóttir eða sporöskjulaga, hálfkúlulaga eða flatir. Gleráhöldin yfirleitt um 6,5-8,7 cm í þvermál en steinarnir geta verið minni, niður í tæpa 5 cm. Í Jórvík á Englandi virðast steináhöldin víkja fyrir gleri á 10. öld en í Bergen fundust slíkir gripir í jarðlögum sem tímasett voru fram á 15. öld.²⁴

Aðrir steingripir frá Bragðavöllum eru tveir flatir sandsteinar (11576/1934-42 og 11576/1934-43), jaspisflaga (11578/1934-45) og nokkrir smásteinar (11522/1933-93).

Aðrir fundir

Af öðrum gripum sem fundist hafa á Bragðavöllum má helst nefna leirklump í laginu eins og tvær samfastar kúlur, mjög svipaðan baggalút í sjón (11519/1933-89). Einnig eru varðveitt á Þjóðminjasafninu 23 litlir viðarkolamolar (11523/1933-94 og 11579/1934-46) og þrjár stórgripatennur (11524/1933-95).

Samantekt

Gripasafnið frá Bragðavöllum er brotakennt og samhengi gripanna óþekkt en þó er ýmislegt af því að ráða. Gripirnir hafa almennt yfirbragð víkingaaldar og það sem varðveist hefur af gripasafninu virðist að mestu innflutt, sem bendir mögulega til þess að það sé frá því snemma á víkingaöld. Gripirnir tengjast einkum almennu heimilishaldi og má þar helst nefna hníf og grýtubrot. Einnig eru nokkrir gripir sem tengjast handverki. Stóri steinsnúðurinn hefur líklega tilheyrt bor fyrir trésmíði eða smíði í mjúk efni. Þrír gripir tengjast textílvinnu, snældusnúðurinn og slípuðu basaltsteinarnir tveir. Merki um vefstað, s.s. í formi kljásteina, hafa ekki varðveist á Bragðavöllum en í þessum þremur gripum er vitnisburður um bæði upphaf og enda ferlisins, þ.e. snældusnúður til að spinna þráð og steinar til að slípa saum á tilbúnu klæði.

Mikið hefur verið skrifað og rætt um rómversku peningana frá Bragðavöllum, og hefur helsta spurningin verið hvenær og hvernig gripirnir hafi komið til landsins. Kristján Eldjárn taldi líklegast

²¹ Ármann Dan Árnason 2015, 33.

²² Sbr. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=329949>, <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=321532>, <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=318351>, <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=477630>

²³ Petersen 1951, 235-236.

²⁴ Petersen 1951, 328-329; Øye 1988, 114; Walton Rogers 1997, 1779.

Rómverjar sem villst hefðu á leið frá Bretlandseyjum hefðu borið peningana til landsins.²⁵ Aðrir sem síðar hafa fjallað um peningana hafa talið líklegra að þeir hafi komið til landsins á víkingaöld.²⁶ Hreinleiki silfurs skipti sköpum í silfurhagkerfi víkingaaldar og einkenndust myntir sem fluttar voru inn til Skandinavíu almennt af háu silfurinnihaldi.²⁷ Peningarnir tveir frá Bragðavöllum innihalda hins vegar líkast til aðeins um 5% silfurs og hefur gildi þeirra því líklega frekar verið sem stöðutákn eða skraut.

Aðrir gripir sem tengjast persónulegu skreyti eru perlurnar þrjár.

²⁵ Kristján Eldjárn 1948, 10-24; Kristján Eldjárn 2016, 30-33.

²⁶ S.s. Þór Magnússon 1972, 63-64; Alonso-Núñez 1986, 122.

²⁷ Kershaw & Merkel 2021, 126

HEIMILDIR

- Alonso-Núñez, J.M. 1986. A Note on Roman Coins found in Iceland. *Oxford Journal of Archaeology* V, 121-122.
- Ármann Dan Árnason. 2015. *Er eitthvað í þig spunnið? Er hægt að greina formgerðarlega þróun snældusnúða á Íslandi frá landnámi til ársins 1300*. Ritgerð til BA-prófs. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2005a. *Íslenskar perlur frá vikingaöld - með viðauka um perlur frá síðari öldum*. I. hluti. Ritgerð til MA-prófs. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2005b. *Íslenskar perlur frá vikingaöld - með viðauka um perlur frá síðari öldum*. II. hluti. Ritgerð til MA-prófs. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Forster, A. K. 2004. *Shetland and the trade of steatite goods in the North Atlantic region during the Viking and Early Medieval period*. Ritgerð til doktorsprófs. University of Bradford.
- Kershaw, J. & Merkel, S.W. 2021. Silver recycling in the Viking Age: Theoretical and analytical approaches. *Archaeometry* 64(S1), 116-133.
- Kristján Eldjárn. 1951. Kléberg á Íslandi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1949-50*, bls. 41-62.
- Kristján Eldjárn. 2016. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 3. útgáfa. Adolf Friðriksson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og menning.
- MacMillan Conway, C. P. 2006. Aurelian s Bellum Monetariorum: An Examination. *Past Imperfect* 12, 1-21.
- Petersen, J, 1951. *Vikingetidens redskaper*. Oslo: Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo.
- Walton-Rogers, P. 1997. Textile Production at 16-22 Coppergate. *The Archaeology of York. The small Finds 17/11*. Council for British Archaeology.
- Þór Magnússon. Sögualdarbyggð í Hvítárholti. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972*, 5-80.
- Øye, I. 1988. *Textile Equipment and its Working Environment, Bryggen in Bergen c 1150-1500*. The Bryggen Papers Main Ser vol 2. Bergen: Norwegian University Press.

Safnnr. A1	Safnnr. A2	Safnnr. A3	Safnnr. B1	Safnnr. B2	Safnnr. B3	Efni	Efni - undirflokkur	Tegund	Lýsing	Aths	Lengd	Breidd	Hæð/þverm.	Vigt	Fj.	Lýsing ÞJMS
	1		1953	52		Gler		Perla	Dökkblá perla. „Tvöföld glerperla, með gilt mitti. Hún er af gerðinni E060T“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005b, bls. 43).	Gerð: E060T. Framleiðsluaðferð: heit, blásin. Perlunr. 633. Lögun: sporösk.l. 122d (Sporöskjulaga, margliða, með upphleyptum endum). Gegnsæ, dökkblá,	0.98	0	0.4		1	Dökkblá glerperla. Hún er hóklaga, á er dálítið mitti og tvær gárur að endilöngu. Lengdin 1 sm, þvm. mest um 0.4 sm, gatið um 0.1 sm á vídd. Fannst árið 1948 að Djúpabotni við Bragðavelli. Í bréfi gefanda til þjóðminjavarðar, dags. 26. júlí, 1953, segir m.a.: Nýlega var ég á ferð um Austurland. Í þeirri ferð kom ég í Djúpabotn við Bragðavelli, þar sem rómversku peningarnir fundust. Veitti ég þar athygli einu atriði, sem ég hygg, að ekki sé nefnt í bók þinni Gengið á reka. Á svæðinu, þar sem rústirnar hafa verið, eru hellubrot, sem sýnilega hafa verið notuð í þak á húsi. Hellur þessar eru ólíkar öðru grjóti þar um slóðir og virðist hafa verið teknar úti í Rauðuskriðu fyrir utan Hamar. Þegar heim að Bragðavöllum kom, gaf Sigfús Jónsson (sonur Jóns Sigfússonar), mér þrjá smáhluti, sem hann hafði fundið í Djúpabotni. Þessa hluti afhendi ég hér með, svo að þeir geti geymst með öðrum forngrípum frá þessum stað.
	5321		1905	148		Málmur	Járn	Hnifur	Hnífblaði, mjög illa farið, nú í 15 brotum. Eitt brot líklegast af oddi, 30 mm á lengd. Mesta breidd 14 mm, þykkt 3,6 mm. Annað brot mögulega af tanga, 48 mm á lengd. Mjókkar frá 14 mm niður í 5 mm. Líklega líka brotið af enda tangans en varðveittur hluti hans er um 27 mm á lengd.			1.4			1	Leifar af hnífblaði (?), er fannst í rústum nokkurum kippkorn fyrir sunnan bæinn Bragðavelli í Hamarsdal (í Landnámu nefndur Sviðhornadalur). Þetta eru 6 járnmolur, kolryðgaðir.

5322		1905	149		Steinn	Kléberg	Gryta	Lítið klébergsbrot úr grytu, belgbrot. Þykkt 14-15 mm. Lítillega sveigt, með pottahrími að innanverðu. Gat (skora) á brotflati, 6 mm í þvermál. Tvær ósamsíða rákir að utanverðu, mögulega för eftir verkfæri.		3.7	2.6	1.5		1	Lítið fitusteinsbrot, fundið í sama stað og nr. 5321: l. 4 sm., br. 2,6 sm. og þ. 1,5 sm. Skora er í það á einum stað og virðist þar hafa verið kringlótt gat. Það virðist vera bungumyndað öðru megin og að sama skapi heffit hinumegin og þar á svört skán. Mætti til geta að brot þetta sje úr skaptgrýtu líkri nr. 3927: sbr. ennr. nr. 832. og nr. 3020.
11298		1932	4		Gler		Perla	„Snúin og skreytt glerperla, rauðbrún með upphleyptum, hvítum augum. Inn í augunum er svört sól eða auga og umhverfis það svartir þríhyrningslaga geislar á hvítum grunni. Tvö augu eru á því broti perlunnar sem hefur varðveist og líklega hafa þau aldrei verið fleiri en 3. Perlan er mjög glansandi. Í rauðbrúna glerinu má greina fínlegar, svartar rákir. Perlan er nú aðeins hálf. Þyngd 1,21. Perlur af þessari tegund eru samkvæmt kerfi Callmers algengastar frá 860-950 þó þær finnast allt frá 845.“ Gerð: B316O. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005b, bls. 30). Þvermál gats 4 mm.	Perlunr. 541. Framleiðsluaðferð: heit, sn, skr. Lögun: sporösk.l. 124 (Sporöskjulaga með jöfnum endum). Ógegnsæ, rauðbrún.	1.25	0	1.5	1.2	1	Jón Sigfússon, Bragðavöllum: Sörvistala, hálf, brotin um gatið. Talan er sívöl, en þó einnig mjög ávöl í báða enda, 1,2 cm löng, 1,5 cm í þverm. úr rauðbrúna, óvönduðu gleri, en skreytt svörtum glerplötum með hvítum rákum á brúnunum. Þessar plötur eru dálítið hærri en sjálfur töluflöturinn og hafa sennilega verið 3, en aðeins tvær eru á brotinu. Sennilega frá víkingaöldinni. Fannst á Bragðavöllum í Hamarsfirði árið 1905, 10 - 20 cm djúpt í jörðu, ásamt rómverskri mynt frá tíð Profusar Keisara. (Sbr. Kuml og haugfé, bls. 13 - 22 og þau rit, sem þar er vitnað til). (F. sýnisborð)
11515		1933	85		Steinn	Tálgusteinn	Gryta	Klébergsbrot úr grytu, belgbrot. Þykkt 20-24 mm. Lítillega íhvolft. Mikið sót á ytra borði. Merki um rispúr að innan.		11.5	11	2.4		1	Tálgusteinsbrot úr stórum soðpotti, óreglulega lagað. Mesta haf þess er 12,5 cm, en þykktin 2 - 2,4 cm. Brotið er dálítið íhvolft, en líklega hefur grytan verið bollulaga, en um þetta verður ekki sagt fyrir víst. Á ytra borðinu er mikið sót. Fannst á Bragðavöllum í Hamarsfirði, sbr. næstu nr.

11516	1933	86	Steinn	Tálgusteinn	Gryta	Brot úr tálgusteini. Líklega af brún. U.þ.b. þríhyrnt, þykkt 8,5-18 mm. Mjókkan niður. Sótugt á báðum hliðum. Kringlótt gat er nærri miðju, 5-5,5 mm í þvermál. Marghliða ytra yfirborð (faceted tooling). Samhliða rispur að innan.	"A number of the vessel fragments were from circular or oval vessels with distinctive flat-bladed and faceted tooling on the external surface, perhaps attributable to group 1d artefacts." Forster bls. 258. ⁽¹¹⁾ Three of the fragments have perforations just below the rim, perhaps an indication of once having handles (11515, 4920, 1098; see Figure 5.24). (Brotið sem hún merkir 11515 á mynd er brot 11516).	7	6.5	1.8	1	Tálgusteinsbrot, óvenju fingert, þríhyrnt í lögun. Lengsta hliðin er 8,5 cm, þykktin 1,5 - 1,7 cm. Gat er nærri miðju. Brotið er úr grytu, sem verið hefur annaðhvort bollulaga eða sporöskjulöguð. Sót er töluvert á báðum hliðum. Fannst á sama stað.
11517	1933	87	Steinn	Tálgusteinn	Gryta	Klébergsbrot úr grytu, belgbrot. Tiltölulega beint. Þykkt 16 mm, hefur verið meiri. Brotið er sótugt á annarri hlið. Mögulega má greina óljósar finlegar rispur.		3.5	1.9	1.6	1	Tálgusteinsbrot úr grytu, 3,4 cm að lengd, 2,1 cm að breidd, þykkt óákveðin. Nokkuð sót er öðrum megin, en lag grýtunnar er óvíst. Fannst á s. st.

11518		1933	88	Steinn		Snúður	Stór steinsnúður, heill. Úr dökkum steini. Tiltölulega flatur á toppi og botni með rúnnaðar hliðar. Þvermál 82-84 mm. Gat vel miðjað, þykkt veggja 35,5-36,5. Hæð 44 cm. Mesta þvermál við miðju. Þvermál gats við topp 13,5-14 mm. Þvermál gats við botn 16-17 mm. Toppur snúðsins er tiltölulega sléttur en botninn ójafnari og rispaðri. Kringum gatið á báðum hliðum er röð af 11 höggnum punktum um 2 m í þvermál. Umhverfis miðjan belg eru tvær raðir af samskonar punktum, en þó litlu minni, um 1 mm í þvermál. Milli raðanna eru 13-15 mm. Líklegra að um sé að ræða snúð fyrir rennibor en snældusnúð.	8.4	0	4.4	409	1	Snældusnúður úr steini, í laginu eins og kúla með mjög flötum skautum, og virðist steinninn hafa haft þessa lögun frá náttúrunnar hendi. Snúðurinn er 8,4 cm í þvermál og 4,4 cm á þykkt. Gatið er 1,6 - 1,8 cm vítt. Kringum það á báðum hliðum er krans af höggnum punktum. Umhverfis snúðinn miðjan eru tveir hringar af sams konar punktum og ca 1,5 cm í milli þeirra. Fannst á sama stað.
11519		1933	89	Leir			Leirklumpur, tvær samtengdar kúlur með óreglulegt yfirborð. Minnir mjög á baggalút. Annar klumpurinn er 36-37 mm í þvermál en hinn 37-39 mm. Háls er 25 mm í þvermál. Minnir mjög á baggalút.	7.1	3.9			1	Leirklumpur, eitthvað brendur, í laginu eins og tvær, óreglulegar, samvaxnar kúlur, líkist mikið baggalút. Lengdin er 7 cm, gildleikinn er 3,75 cm. Liturinn er rauðleitur. Fannst á sama stað.
11520	1	1933	90	Steinn	Blágrýti		Flatir sporöskjulaga steinn úr blágrýti. Mjög vel slípaður, örfáar grunnar skorur.	5.8	4.55	2		1	Steinar 2 úr blágrýti mjög þétta, slípaðir í vatni. Þeir eru báðir flatir og óreglulega sporöskulagaðir, annar 5,8 cm að l., 4,55 cm að br. og 2 cm þykkur, hinn 5,1 cm að l., 3,9 cm að br. og 1,7 cm þykkur. Fundust á sama stað.

11520	2	1933	91	Steinn	Blágrýti		Flatur sporöskjulaga steinn úr blágrýti. Aðeins ójafnari en steinn 11520/1933-91 en þó vel slípaður.		5.1	3.9	1.7	1	Steinar 2 úr blágrýti mjög þéttu, slípaðir í vatni. Þeir eru báðir flatir og óreglulega sporöskulagaðir, annar 5,8 cm að l., 4,55 cm á br. og 2 cm þykkur, hinn 5,1 cm að l., 3,9 cm að br. og 1,7 cm þykkur. Fundust á sama stað.
11521		1933	92	Málmur	Járn	Nagli, o.fl.	A) Nagli, brotinn. L 17 mm. Flatur haus, óreglulega lagaður, þvermál 11,5-13 mm. Þversnið leggjar u.þ.b. ferhyrnt, 4 x 4 mm. B) Járnbrot, mögulega ró. Ílöng, ca ferköntuð, 18 x 13 mm. Þykkt 5 mm. Mögulegar leifar af nagla 7 x 7 mm, hæð ca 3 mm. C) Tvö ílöng járnbrot, 13,3 x 11,5 x 5 og 28 x 8 x 1,5 mm. D) Tvö lítil járnbrot, 12 x 9 x 4 mm og 11 x 8 x 2,5 mm.	Ekki númerað sér hjá Þjms.				6	Eitt er hluti af nagla. Járnbrot, lítil og fornfáleg, 6 alls. Eitt þeirra er efri hluti af nagla með flötum haus, annað gæti verið ró með naglabroti. Fundust á sama stað.
11522		1933	93	Steinn	Tálgusteinn, ofl.	Grýta ofl.	A) Klébergsbrott úr grýtu. 11,7 x 5 mm. Þykkt 11 mm, hefur verið meiri. Leifar af pottahrími/sóti. B) Steinn 18 x 9,7 x 6 mm. Sveigt brot, appelsínugult að utanverðu en hvítt að innan. C) Tveir ljósir smásteinar. 27 x 23 x 10 mm og 25,5 x 18 x 7 mm. D) Hraungjall/vikur 19 x 23 x 9. E) Járn. Flatur bútur, 14 x 10 x 2 mm. Hæð með útf. 6 mm.	Ekki númerað sér hjá Þjms				6	Smásteinar, 6 alls. Einn þeirra er úr tálgusteini grýtubrot, annar er hvítur og frauðkenndur innan í, en með gulum glerungi utan á. Hinir virðast ómerktilir. Fundust á sama stað.
11523		1933	94	Viður	Viðarkol		Litlir viðakolamolar, 9-17 mm á lengd.					3	Viðarkolamolar 3, allir litlir. Fundust á sama stað.

11524		1933	95	Bein	Tönn	Tennur	3 stórgripatennur					1	3 tennur úr stórgrip. Tennur 3 úr stórgrip, óheillegar, og nokkur brot að auk. Fundust á Bargðavöllum í Hamarsfirði ásamt gripunum hér á undan í uppblásinni hústóft. Með þeim fannst bronsmynt rómversk, slegin fyrir Aurelianus keisara (270 - 75). Áður hafði fundizt önnur bronsmynt frá tíð Probusar keisara (276 -82) og hálf sörvistala. Komu þeir gripir til safnsins 1932 (sbr. nr. 11298) Eitthvað fleira mun hafa fundizt þarna, og talar Jón bóndi Sigfússon á Bragðavöllum í bréfi til Þjóðminjavarðar um perlur og smásteina með ýmsum litum, en það hefur ekki komið til safnsins. Þjóðminjavörður rannsakaði staðinn árið 1934, sbr. nr. 11574 - 79.
11574		1934	38	Steinn	Tálgusteinn	Grýta	Ljóst tálgusteinsbrot úr grýtu. Kúpt belgbrot. Þykkt 8,5-11 mm. Örlítið sót á ytra borði. Áberandi för eftir verkfæri á báðum hliðum, "faceted" ytra borð.	"A number of the vessel fragments were from circular or oval vessels with distinctive flat-bladed and faceted tooling on the external surface, perhaps attributable to group 1d artefacts." Forster bls. 258.	6	4.5	1.1	1	Þjóðminjavörður (afh.): Tálgusteinsbrot (þó ekki venjulegt steatit), gulgrátt að lit, óvenjulega ljóst. Það er úr skálmynduðu kerri eða grýtu, og sjást meitilsför greinilega bæði að utan og innan. Stærð brotsins er 4,9 x 6 cm, en þykktin ca 1 cm. Lítillega vottar fyrir sóti á ytra borði. Fannst á Bragðavöllum í Hamarsfirði við rannsókn þjóðminjavarðar, sjá hér á eftir.
11575	3	1934	41	Steinn	Tálgusteinn	Grýta?	Brot úr klébergi, mjög lítið. Engin greinanleg merki um sót.		1.8			1	Tálgusteinsbrot 3, grá að lit, hrjúf. Hið stærsta er 5,9 cm að lengd, 1,4 cm á breidd og 1,3 cm þykkt. Það er bersýnilega úr stórrri grýtu, en hin eru svo lítil að þau eru öldungis ófróðleg. Fundust á sama stað.
11575	2	1934	40	Steinn	Tálgusteinn	Grýta	Lítið klébergsbrot úr grýtu, sötugt á einni hlið.		2.3	0.5	1.5	1	Tálgusteinsbrot 3, grá að lit, hrjúf. Hið stærsta er 5,9 cm að lengd, 1,4 cm á breidd og 1,3 cm þykkt. Það er bersýnilega úr stórrri grýtu, en hin eru svo lítil að þau eru öldungis ófróðleg. Fundust á sama stað.
11575	1	1934	39	Steinn	Tálgusteinn	Grýta	Klébergsbrot úr grýtu, belgbrot, lítillega kúpt. Pottahrím að innanverðu. Þykkt 13,5-14,5 mm. Mógulega óljósar rispur að utanverðu.		5.8	1.3	1.5	1	Tálgusteinsbrot 3, grá að lit, hrjúf. Hið stærsta er 5,9 cm að lengd, 1,4 cm á breidd og 1,3 cm þykkt. Það er bersýnilega úr stórrri grýtu, en hin eru svo lítil að þau eru öldungis ófróðleg. Fundust á sama stað.

11576	4	1934	42	Steinn	Sandsteinn		Rauðleit sandsteinskringla, fremur óregluleg að lögun.		3.5	3.6	1.4	1	Rauður sandsteinn. Snúðar 2 eða kringlur úr rauðleitum, linum steini. Önnur er fremur óregluleg í lögun, ca 3,5 cm í þvermál, en hin er nokkurn veginn reglulega kringlótt, ca 2,5 cm í þvermál. Hin fyrr nefnda er mest 1,3 cm á þykkt, en hin 1 cm. Fundust á s. st.
11576	5	1934	43	Steinn	Sandsteinn		Rauðleit sandsteinskringla, u.þ.b. kringlótt.		2.5	2.5	1	1	Snúðar 2 eða kringlur úr rauðleitum, linum steini. Önnur er fremur óregluleg í lögun, ca 3,5 cm í þvermál en hin er nokkurn veginn reglulega kringlótt, ca 2,5 cm í þvermál. Hin fyrr nefnda er mest 1,3 cm á þykkt, en hin 1 cm. Fundust á s.st.
11577		1934	44	Málmur	Járn	Nagli, ró, o.fl.	A) Nagli, brotinn. L 24 mm. Flatur haus, brotinn hefur mögulega verið ferhyrndur, mesta þvermál 10 mm. Þversnið leggjar u.þ.b. ferhyrnt, 5,5 x 6 mm. B) Jámbrot, líklega leggur af nagla. L 25 mm. Þversnið leggjar u.þ.b. ferhyrnt 6 x 7 mm. C) Þrjár ferhyrnda rær. 19 x 19 x 1,5 mm (með leifum af nagla ca 6 mm í þvermál); 17 x 19 x 2 mm (með hringlaga gati, 5 mm í þvermál); 15 x 14 x 1,5 mm (með ferhyrnda gati, 2,5 x 4 mm í þvermál) D) Jámbrot, ógreinanlegur mulningur, eitt 20x14x12 mm, annað 27 x 3 x 4 mm, hitt flest undir 10 mm. 30-40 brot. E) Tvær veðraðar beinflísar.	Ekki númerað sér hjá Þjms. Ógreinanleg jámbrot talið hér sem einn gripur til einföldunar.				8	Naglabrot og járnarsl, sem erfitt er að greina, úr hverju er. Meðal brotana eru þó greinilega 3 rær. Fannst á s. st.
11578		1934	45	Steinn	Jaspis		Jaspisflaga, rauðleit, u.þ.b. þríhyrnd.		2	1.6	0.4	1	Jaspismoli, rauðleitur, þunnur, þríhyrndur að lögun, mest 2 cm á hlíð. Fannst á s. st.

11579		1934	46		Viður	Viðarkol	Kol	Viðarkolamolar, litlir.					20	Viðarkolamolar, ca 20 talsins, allir smáir. Fundust sama staðar. Allir þessir gripir, frá Bragðavöllum í Hamarsfirði, fundust við rannsókn Þjóðminjavarðar. Áður höfðu komið þaðan nokkrir gripir, og sumir merkir, sbr. 5321-22, 11298 og 11574 - 79, en rannsókninn bar fremur lítinn árangur. Fundarstaðurinn er uppblástarflag nálægt bænum, en ekki fundust þar neinar menjar, sem með vissu gætu kallast húsaleifar, þó að líkindi mæli fremur með, að þarna hafi verið byggt ból.	
15321		1953	53		Steinn	Kléberg	Snældu snúður	Brof úr snældusnúð úr klébergi, ca 2/5 hlutar. Hálfkúlulaga með flatan botn, gerður úr endurunninni grýtu. Þykkt veggja 14,5-16 mm. Mesta þvermál gats við topp 11 mm, 11,5 mm við botn. Hæð 16 mm. Þyngd 16 g.		3.7		1.6	16	1	Brof úr snældusnúð úr gráyrjöttu klébergi, er þetta næstum helmingur snúðsins. Hann hefur verið með venjulegu lagi, reglulegur, flatur að neðan, kúptur á hliðar, en órlítið holóttur. Lengd brotsins er um 3.7 sm, þ. 1.6 sm. Frá sama stað og næsta nr. hér á undan.
15322		1953	54		Steinn	Kléberg	Ílát	Brof úr klébergsiláti, af brún. Þykkt 9-10 mm. Órlítið íhvolft. Greinileg för eftir verkfæri á báðum hliðum, „faceted“ ytra. Brún er bein með skörpum hliðum.	“A number of the vessel fragments were from circular or oval vessels with distinctive flat-bladed and faceted tooling on the external surface, perhaps attributable to group 1d artefacts.” Forster bls. 258.	4.8	3.9	1		1	Brof úr klébergsiláti. Er þetta flaga, ferhyrnt að aðal lögun og eilítið íhvolft, ein hliðin alveg bein. Litur mögrár og ljós, glimmeráferð í brotsárinu. Greinileg för eftir verkfæri á báðum kinnum. Lengd 4.8 sm, br. 3.9 sm, öll þykkt 1.1 sm. Fannst á sama st. og næsta nr. á undan.
		1985	16		Gler		Perla	„Einföld glerperla, blá. Perlan er með sléttum endum, af gerðinni E060T.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005b, bls. 43).	Lýsing EH (II bls. 43): „Einföld glerperla, blá. Perlan er með sléttum endum, af gerðinni E060T.“ Perlunr. 550. Gerð: E060T. Framleiðsluaðferð: heit, blásin. Lögun: sporösk.l. 122d (Sporöskjulaga, margliða, með upphleyptum	0.61	0	0.71		1	Blá glerperla, með gati í gegn í miðju. Greinilega frá Víkingaöld, sem gefandi fann 18.júní 1984 á þeim stað sem rómversku peningarnir fundust og perlur og fleira hefa fundist áður. Jón bjó allengi á Bragðavöllum og kom oft á þennan stað, en fann þar aldrei neitt fyrr en nú. Bragi bróðir gefandi, bóndi á Hofi í Álfafirði kom með perluna, en þjmv. hafði haft samband við finnanda.

									endum). Gegnsæ, dökkblá,						
Mnt			1932		Málmur		Mynt	„Antoninianus frá tíð Probusar (276-82), ekki vel kringlóttur, 1,9 cm í þvermál, mjög étinn. Framhlið: Brjóstmynd keisarans, horfir til vinstri, með geislakórónu og veldissprotu; umskrift: PROBVS P F AVG. Bakhlið: Hof með sex súlum; í miðju situr Roma með sigurgyöju á hægri hönd og veldissprotu á vinstra armi; umskrift: ROMAE AETER og neðan við R og [þríhyrning] með þrumufleyg á milli. Sleginn í Róm.“ (Sarpur Mnt/1932).					1	Rómverskur peningur: Antoninianus frá tíð Probusar (276-82), ekki vel kringlóttur, 1,9 cm í þvermál, mjög étinn. Framhlið: Brjóstmynd keisarans, horfir til vinstri, með geislakórónu og veldissprotu; umskrift: PROBVS P F AVG. Bakhlið: Hof með sex súlum; í miðju situr Roma með sigurgyöju á hægri hönd og veldissprotu á vinstra armi; umskrift: ROMAE AETER og neðan við R og [þríhyrning] með þrumufleyg á milli. Sleginn í Róm. Fannst 1904 á Bragðavöllum í Hamarsfirði, Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.	

Mnt		1933	Málmur	Mynt	„Rómverskur koparpeningur fundinn á Bragðavöllum í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu. Peningurinn er sleginn í borginni Cyzicus í Litlu-Asíu í tíð Aurelians keisara er ríkti í Rómaveldi á árunum 270-275 eftir Krist. Á framhlið er brjóstmynd keistarans geislakrýnd, hann horfir til vinstri og umhverfis stendur: <i>IMP AVRELIANVS AVG</i> (þ. e. Ríkjandi Ágústus keisari). Á bakhlið er sólin geislandi í mannlíki og heldur hægri hendi upp en hefur knött í hinni vinstri og fyrir fótum hennar situr fangi með hendur bundnar á bak aftur og umhverfis er áletrun: <i>ORIENS AVG</i> , og <i>XX</i> og fleira ólæsilegt.“ (Sarpur Mnt/1933)	2.1	1	Rómversk mynt. Antoninianus frá tíð Aurelians (270-75 e.Kr.), 2-2,1 sm í þvm., á framhlið þakinn spanskgrænu (1. mynd). Framhlið: Brjóstmynd keisarans, horfir til vinstri, geislakrýnd; umskrift: <i>IMP AVRELIANVS AVG</i> . Bakhlið: Sólin geislandi í mannlíki með lyftri hægri hendi, knöttur í hinni vinstri; fyrir fótum hennar situr fangi með hendur bundnar á bak aftur; umskrift: <i>ORIENS AVG</i> ; ennfremur <i>XX</i> og nokkur ólæsileg tákn neðan við. Er peningurinn sleginn í borginni Cyzicus í Litlu-Asíu. Fannst 1933 á Bragðavöllum í Hamarsfirði, Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.
-----	--	------	--------	------	--	-----	---	--

Bragðavellir í Hamarsfirði - 2022

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netfang: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is

INNGANGUR

Skoðuð voru sex gjóskusýni úr könnunarskurði frá Bragðavöllum í Hamarsfirði (Múlaþingi). Sniðið er sýnt á mynd 1. Gjóskulög hafa ekki verið mikið skoðuð á þessu svæði en þó dálítið í tengslum við fornleifarannsóknir.

Samkvæmt fyrri rannsóknum má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög á svæðinu (frá LNL):
K-1755

V-1477 (0,5 cm þykkt)

Ö-1362 (1,5-2 cm þykkt)

Landnámslag (LNL) með upptök í Bárðarbungu- og Veiðivatnakerfi, frá 870-880 CE. Innan við 0,5 cm þykkt við Hamarsfjörð.

Lögin eru fá sem greinst hafa við Hamarsfjörð. Öll eru þau dökk nema Ö-1362 sem er hvítt. Samkvæmt reynslu höfundar eru fá gjóskulög frá sögulegum tíma á sunnanverðum Austfjörðum, er þetta svæði sem þyrfti að skoða betur með tilliti til gjóskulaga. Vísbendingar eru um 2-3 lög milli Landnámslags og Ö-1362 með upptök í Vatnajökli en aldur er óljós.



Mynd 1. Snið frá Bragðavöllum í Hamarsfirði (mynd frá FSÍ). Gjóskulögin Ö-1362 (hvítt) og V~1477 má sjá við sinn hvorn enda skurðarins.

NIÐURSTÖÐUR

BRV [003], sýni-7:

Gjóskuríkt efni, blandað og fokið, með gulbrúnu gleri, rauðum kornum og kristöllum. Gæti mögulega samsvarað gjóskulagi en er þó fokkennt.

BRV [005], sýni-2:

Ljósbrúnt og dökkbrúnt gler og ópak dökkt gler ~20-30%, illa aðgreint. Kristallar <3%. Líklega gjóskulag en óvíst hvaða lag um ræðir. Yngra en V~1477 samkvæmt sniðteikningu.

BRV [007], sýni-3, V-1477, vesturendi:

Ljósmóbrúnt gler og ópak gler ~30%. Fínkorna gjóska, kristallar <3%. Illa aðgreint (PS). Gljáandi gjallkorn í bland. Mjög líklega V~1477

BRV [008], sýni-4, Ö-1362:

Súr gjóska – vafalítið Ö-1362.

BRV [009], sýni-5, neðst í skurði:

Blandað fokkennt lag – mest ljósleitt basaltgler blandað móösku. Fokefni.

BRV [011], sýni-6, efst í lagi:

Fokefni – en þó gjóskuríkt, mjög blandað.

HELSTU HEIMILDIR UM GJÓSKULÖG

Bergrún Arna Óladóttir, Guðrún Larsen og Olgeir Sigmarsson 2011. Holocene volcanic activity at Grímsvötn, Bárðarbunga and Kverkfjöll subglacial centres beneath Vatnajökull, Iceland. Bull. Volc., DOI 10.1007/s00445-011-0461-4

Capelle, Torsten 2009. Rannsóknir á miðaldaverslunarstaðnum Gautavík. Ólafía, rit fornleifafræðingafélags Íslands III. Viðauki er um gjóskulög eftir Guðrúnu Larsen.

Guðrún Larsen 2010. Katla: Tephrochronology and eruption history. The Mýrdalsjökull ice cap, Iceland. Glacial processes, sediments and landforms on an active volcano (ritstj. A. Schomacker, J. Krüger and K.H. Kjær). Developements in Quaternary Sciences, 13.

Kristján Eldjárn 1989. Papey. Fornleifarannsóknir 1967-1981. Árbók hins Íslenszka fornleifafélags 85. (nokkuð fjallað um gjóskulög)

Sigurður Þórarinsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

Viðauki III. Ljósmyndaskrá

Númer	Svæði	Átt (horft til)	Myndefni	Dagsetning	ID
DSC_0166	1	S	Vinnumynd, gjóska Ö-1362 undir skriðu	26.7.2022	KÞ
DSC_0167	1	S	Vinnumynd, gjóska Ö-1362 undir skriðu	26.7.2022	KÞ
DSC_0168	1	SV	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0169	1	S	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0170	1	ASA	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0171	1	ASA	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0172	1	ASA	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0173	1	NA	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0174	1	N	Vinnumynd hreinsun sniðs	26.7.2022	KÞ
DSC_0175	1	A	Kolaögn undir gjósku Ö-1362	26.7.2022	KÞ
DSC_0176	1	A	Kolaögn undir gjósku Ö-1362 lengra frá	26.7.2022	KÞ
DSC_0177	1	A	Kolaögn undir gjósku Ö-1362 lengra frá	26.7.2022	KÞ
DSC_0178	1		Borkjarni 3 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0179	1		Borkjarni 3 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0180	1		Borkjarni 4 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0181	1		Borkjarni 5 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0182	1		Borkjarni 5 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0183	1		Borkjarni 6 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0184	1		Borkjarni 7 Bragðavellir	27.7.2022	SÓ
DSC_0185	1	NV	Steinskífur dreif	27.7.2022	KÞ
DSC_0186	1	N	Steinskífur dreif	27.7.2022	KÞ
DSC_0187	1	NNA	Steinskífur dreif	27.7.2022	KÞ
DSC_0188	1	NA	Steinskífur dreif	27.7.2022	KÞ
DSC_0189	1	NA	Steinskífur nærmynd	27.7.2022	KÞ
DSC_0190	1	SA	Steinskífur dreif	27.7.2022	KÞ
DSC_0191	1	SSA	Steinskífur	27.7.2022	KÞ
DSC_0192	1	SSV	Yfirlitsmynd	27.7.2022	KÞ
DSC_0193	1	SV	Yfirlitsmynd	27.7.2022	KÞ
DSC_0194	1	S	Snið austurhluti	27.7.2022	SÓ
DSC_0195	1	S	Snið miðhluti	27.7.2022	SÓ
DSC_0196	1	S	Snið miðhluti	27.7.2022	SÓ
DSC_0197	1	S	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC_0198	1	S	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC_0199	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC_0200	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ

DSC 0201	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0202	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0203	1	S	Snið austurhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0204	1	S	Snið miðhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0205	1	S	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0206	1	S	Snið austurhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0207	1	S	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0208	1	S	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0209	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0210	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0211	1	S	Svart, lífrænt lag í suðaustuhorni	27.7.2022	KÞ
DSC 0212	1	S	Svart, lífrænt lag í suðausturhorni	27.7.2022	KÞ
DSC 0213	1	A	Svart - lítið - lífrænt lag í suðausturhorni	27.7.2022	KÞ
DSC 0214	1	S	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0215	1	SV	Snið	27.7.2022	SÓ
DSC 0216	1	V	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0217	1	A	Snið austurhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0218	1	SV	Snið suðvesturhorn	27.7.2022	SÓ
DSC 0219	1	S	Snið miðhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0220	1	VSV	Snið vesturhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0221	1	ANA	Snið miðhluti	27.7.2022	SÓ
DSC 0222	1	SV	Gjóscur í suðvesturhorni sniðs	27.7.2022	SÓ
DSC 0223	1	SV	Gjóscur í suðvesturhorni sniðs	27.7.2022	SÓ
DSC 0224	1	SV	Gjóscur í suðvesturhorni sniðs	27.7.2022	SÓ
DSC 0225	1	SV	Gjóscur í suðvesturhorni sniðs	27.7.2022	SÓ
DSC 0226	1	SSV	Frágangur	27.7.2022	KÞ
DSC 0227	1	S	Frágangur	27.7.2022	KÞ
DSC 0228	1	SSA	Frágangur	27.7.2022	KÞ
DSC 0229	1	SSV	Yfirlitsmynd	27.7.2022	KÞ
DSC 0230	1	S	Yfirlitsmynd	27.7.2022	KÞ
DSC 0231	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0232	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0233	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0234	1	SSV	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0235	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0236	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0237	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0238	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0239	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0240	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC 0241	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ

DSC_0242	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC_0243	1	SSA	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC_0244	1	SSA	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC_0245	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC_0246	1	S	Endurgerð gamallar myndar	27.7.2022	KÞ
DSC_0247	1	SA	Grjóthellur	27.7.2022	KÞ
DSC_0248	1	SA	Grjóthellur	27.7.2022	KÞ
DSC_0249	1	ASA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0250	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0251	1	ANA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0252	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0253	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0254	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0255	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0256	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0257	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0258	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0259	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0260	1	A	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0261	1	ASA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0262	1	ASA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0263	1	SA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0264	1	SA	Yfirlitsmynd af umhverfi	27.7.2022	KÞ
DSC_0265	1	SV	Uppgraftarsvæðið	27.7.2022	KÞ
DSC_0266	1	VSV	Uppgraftarsvæðið	27.7.2022	KÞ
DSC_0267	1	SV	Uppgraftarsvæðið	27.7.2022	KÞ
DSC_0268	1	SV	Uppgraftarsvæðið	27.7.2022	KÞ
DSC_0269	1	SV	Uppgraftarsvæðið	27.7.2022	KÞ

Viðauki IV. Sýnaskrá

Númer	Svæði	Jarðlag	Lýsing/Upplýsingar	Dagsetning	ID	Annað
1	1	Í SA-horni framman við snið	Lítið dökkt lag, líkist kolum en er líklega lífrænt efni	27.7.2022	KP/SÓ	
2	1	005	Gjóska - óþekkt	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni
3	1	007	Gjóska - líklega V-1477	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni
4	1	008	Gjóska - líklega Ö-1362	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni
5	1	009	Gjóska neðst í [009]	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni
6	1	011	Gjóska efst í [011]	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni
7	1	003	Gjóska neðst og vestast í [003]	27.7.2022	KP/SÓ	Greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni